



ÁRSSKÝRSLA
FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS
2016



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2016

Útgefandi:

Fjármálaeftirlitið

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 520 3700/ Símbref: 520 3727

Tölvupóstur: fme@fme.is

Ritstjórn:

Jón Þór Sturluson

Ragnar Hafliðason

Sigurður G. Valgeirsson

Hönnun & umbrot:

ENNEMM

Ljósmyndir:

Birgir Ísleifur Gunnarsson

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	7
1 Starfsemi Fjármálaeftirlitsins	11
1.1 Eftirlitsstarfsemi	12
1.2 Viðurlög og reglusetning	20
1.3 Viðskiptahættir og neytendamál	23
1.4 Innra starf	24
1.5 Rekstur og fjármál	24
2 Fjármálamarkaðurinn	29
2.1 Horfur á fjármálamarkaði	30
2.2 Verðbréfamarkaður	30
2.3 Lánamarkaður	34
2.4 Vátryggingamarkaður	38
2.5 Lífeyrissjóðir	42
2.6 Rekstrafélög og sjóðir	48
3 Annáll ársins	51
3.1 Helstu atburðir frá maí 2015 til aprílloka 2016	52
3.2 Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2015 til aprílloka 2016	60
3.3 Yfirlit yfir tölublöð Fjármála og greinar frá 1. maí 2015 til aprílloka 2016	62
4 Aðilar undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins	65
4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	66
4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	67



Efni ársskýrslunnar

Efnisumfjöllun ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2016 tekur í meginatriðum til tímabilsins frá 1. maí 2015 til 30. apríl 2016. Í skýrslunni er sagt frá helstu verkefnum Fjármálaeftirlitsins. Fjallað er einnig um stöðu og þróun á lánamarkaði, verðbréfamarkaði, lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaði og váttryggingamarkaði árið 2015. Skýrslan verður birt á íslensku og ensku á vef Fjármálaeftirlitsins. Þar er einnig að finna margvíslegar upplýsingar er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Stjórn og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins er í höndum þriggja manna stjórnar. Hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiriháttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem fer með daglega stjórnun eftirlitsins. Í stjórn sitja eftirfarandi í maí 2016: Ásta Þórarinsdóttir, hagfræðingur, formaður, Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri, varaformaður og Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn eru: Friðrik Ársælsson, héraðsdómslögmaður, Ástríður Jóhannesdóttir, deildarstjóri og Harpa Jónsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri í Seðlabanka Íslands. Á tímabilinu frá 1. maí 2015 til 30. apríl 2016 sat Tómas Brynjólfsson auk framangreindra í stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri
Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri
Anna Mjöll Karlsdóttir, yfirlögfræðingur

Framkvæmdastjórar sviða:

Eftirlitssvið

Halldóra Elín Ólafsdóttir
Rúnar Guðmundsson, aðstoðarframkvæmdastjóri

Greiningasvið

Sigurður Freyr Jónatansson, starfandi framkvæmdastjóri

Vettvangs- og verðbréfaeftirlitssvið

Sigurveig Guðmundsdóttir

Rekstrarsvið

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir



Ávarp forstjóra

Leyndarhulunni hefur verið svipt af földu fé á ýmsum aflandseyjum og lágskattasvæðum. Þetta hefur þegar haft margvísleg áhrif bæði hér á landi og alþjóðlega. Við höfum upplifað annað áfall eins og eftirskjálfta eftir bankahrunið. Orðspor Íslands hefur beðið hnekki að nýju meðal erlendra þjóða. En þetta hefur einnig skerpt á vitund þjóðarinnar varðandi samfélagslega ábyrgð hvers og eins borgara. Í alþjóðasamfélaginu hafa verið haldnar ráðstefnur um spillingu og aðgerðir gegn henni og rætt um að breyta ríkjandi gildismati og reglum þannig að krafa verði gerð um gagnsæi og gagnkvæma miðlun upplýsinga um raunverulega eigendur að fjármunum hvar sem þeir eru geymdir. Birting Panama skjalanna hefur varpað skörpu ljósi á þennan málaflokk og leitt af sér þarfa umræðu um hvernig löggjöf og siðferðiskennd þurfa að styðja hvort við annað.

Traust mælist lágt til fyrirtækja á fjármálamarkaði. Það sama á við um traust til stjórnvalda sem tengjast markaðnum. Það er nauðsynleg forsenda trausts að það sé verðskuldað. Mikilvægt er að það sé bæði í reynd og í ásýnd. Traust verður aldrei verðskuldað ef starfsemi þolir ekki dagsljós. Því er gagnsæi og heiðarleiki grundvallaratriði við að byggja upp og viðhalda trausti. Flest fyrirtækin sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins eru svonefndar einingar tengdar almannahagsmunum en í lögum eru gerðar auknar kröfur til fyrirtækjanna vegna þjóðhagslegs mikilvægis þeirra. Það mikilvægi beinist bæði að áreiðanleika þeirra við veitingu þjónustu til viðskiptavina og kerfislegs mikilvægis varðandi fjármálastöðugleika. Þessi starfsemi í þágu almannahagsmuna er í eðli sínu áhættusöm og útsett fyrir ýmis konar freistnivanda stjórnenda og starfsfólks. En það er einmitt þess vegna sem svo ríkar kröfur eru gerðar til þeirra í lögum og reglum og mikil áhersla lög á sterkt og sjálfstætt eftirlit með þeim.

Við stöndum á þröskuldi nýrra tíma. Ákveðinn stöðugleiki hefur einkennt fjármálakerfið frá því að það var endurreist eftir hrun en nú eru breytingar í sjónmáli. Fjármagnshöft verða senn losuð að fullu og má í framhaldi eiga von á að erlendir aðilar fjárfesti í meira mæli hér landi og að fjárfestingar íslenskra aðila færast á ný út fyrir landssteinana í nokkrum mæli. Tveir af þremur stærstu viðskiptabönkunum eru nú í eigu ríkisins og ríkissjóður á jafnframt mikilla hagsmuna að gæta af sölu þess þriðja. Ef fyrirætlanir ganga eftir verða þeir allir seldir í heild eða að hluta á næstu árum. Lífeyrissjóðir fara með skyldusparnað landsmanna sem er samanlagt meiri en nokkru sinni fyrr eða um 155% af landsframleiðslu og mun fara vaxandi á næstu árum og áratugum. Því eru lífeyrissjóðirnir nú orðnir áberandi sem eigendur hlutabréfa í skráðum sem óskráðum fyrirtækjum, beinir lánveitendur til einstaklinga og almennt mikilvægir fjárfestar. Frumvarp til laga er í meðferð Alþingis sem gjörbreytir viðmiðum í rekstri váttryggingafélaga. Þá hefur lifnað yfir mörkuðum bæði með skráð hlutabréf og skuldabréf. Auknar kröfur í lögum og reglum til reksturs fyrirtækja á fjármálamarkaði gera litlum fyrirtækjum erfitt fyrir. Það sama má segja um möguleika þeirra á að veita viðskiptavinum þjónustu sem stærri fyrirtæki geta gert, s.s. með heimabanka og hraðbanka. Öll þessi atriði kalla á að stjórnvöld vinni markvisst að framtíðarskipulagi fjármálakerfisins.

Við stöndum einnig á þröskuldi nýrra tíma menningarlega. Tækniþróun er afar hröð í fjármálaþjónustunni sem getur fært hluta hennar frá hefðbundnum fyrirtækjum, með starfsleyfi og undir eftirliti, til aðila sem við þekkjum ekki enn. Fyrirtæki á fjármálamarkaði og stjórnvöld hafa tekið höndum saman um að standa fyrir aðgerðum sem styrkja fjármálalæsi almennings. Í ljósi beinna tengsla bætts fjármálalæsis viðskiptavina þeirra sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins við heilbrigða viðskiptahætti og stöðugleika á fjármálamarkaði mun eftirlitið láta sig varða fjármálalæsi í meira mæli en fyrr. Vel upplýstir neytendur veita meira og betra aðhald hvort heldur er varðandi nýtileika fjármálaþjónustu eða verðlagningu hennar. Kröfur um vandaða stjórnarhætti og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja á fjármálamarkaði hafa aukist. Þetta skerpir á hlutverki og ábyrgð stjórnarmanna.

Meðal birtingarmynda eftirlits Fjármálaeftirlitsins með einstökum eftirlitsskyldum aðilum er mat á helstu áhættum í starfsemi og mat á heilbrigði viðskiptahátta en Fjármálaeftirlitið hefur

lögum samkvæmt valdheimildir til að milda áhættu eða krefjast úrbóta. Meðal nýjunga í eftirliti má nefna aukin samskipti eftirlitsins við ytri endurskoðendur og í samræmi við ný ákvæði laga aukið eftirlit með stjórnarháttum fjármála fyrirtækja. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sett sér stefnu um beitingu þvingunar- og viðurlagaúrræða en hún er aðgengileg á vefsíðu eftirlitsins. Með lögum nr. 58/2015 voru gerðar veigamiklar breytingar á stjórnvaldssektarheimildum Fjármálaeftirlitsins þannig að nú geta hámarkssektir á lögaðila numið allt að 800 milljónum króna eða allt að 10% af heildarveltu fyrirtækis en hámarkssektir á einstaklinga geta numið 65 milljónum króna.

Að auki hefur Fjármálaeftirlitinu með lögum nú verið falið, ásamt Seðlabanka Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytinu, að taka þátt í greiningu og mati á stöðugleika markaðarins og að grípa til aðgerða sé honum ógnað. Árið 2015 var fyrsta heila starfsár kerfisáhættunefndar og fjármálastöðugleikaráðs. Með þessu hefur samstarf á sviði þjóðhagsvarúðar styrkst og orðið formfastara. Á grunni tilmæla fjármálastöðugleikaráðs og ákvæða í breytingalögum við lög um fjármála fyrirtæki nr. 57/2015, mælti Fjármálaeftirlitið í fyrsta skipti fyrir um álagningu þriggja mismunandi eiginfjárauka á fjármála fyrirtækin með ákvörðun þann 1. mars 2016.

Breyting á aðild Fjármálaeftirlitsins að evrópsku eftirlitsstofnununum þremur, EBA, EIOPA og ESMA (ESA's) er framundan fá útfærsla á samkomulagi á milli framkvæmdastjórnar ESB og embættismanna EFTA-EES ríkjanna brautargengi á Alþingi. Breytingin felst í því að Fjármálaeftirlitið fær fulla aðild að starfi stofnananna, þó án atkvæðisréttar. Þá felur samkomulagið í sér að Eftirlitsstofnun EFTA verður í ákveðnum tilvikum falið að taka bindandi ákvarðanir gagnvart eftirlitsstjórnvöldum og markaðsaðilum í EFTA ríkjunum. Gangi þetta eftir mun stífla bresta og alls 31 Evrópugerð verða tekin upp í EES samninginn sem kallar á hraða en vandaða innleiðingu inn í íslenskt réttarkerfi. Telja verður að miklir hagsmunir séu í húfi fyrir íslenskt fjármálakerfi að ná samræmdum réttarheimildum við það evrópska.

Hér að framan hefur verið stiklað á stóru varðandi helstu tíðindi og nýjungar í fjármálakerfinu og eftirliti Fjármálaeftirlitsins með því. Eftir stendur áskorunin að byggja upp traust að nýju. Münchhausen Barón notaði óhefðbundna aðferð forðum þegar hann ásamt hesti sínum festist í dýi. Hann greip til þess ráðs að rífa í hár sér með annarri hendi og lyfta bæði sjálfum sér og hestinum upp úr dýinu. Því miður eigum við enga skyndilausn á borð við þessa til að endurheimta traust því það verður að vera verðskuldað með heilindum í reynd og í ásýnd. Höfum öll hugfast að „að endingu eru það þeir sem vanda sig sem standa sig“.



Stjórn fjármálaeftirlitsins

Á myndinni má sjá sitjandi frá vinstri: Guðrúnu Þorleifsdóttur varaformann, Ástu Þórarinsdóttur, formann stjórnar og Arnór Sighvatsson stjórnarmann. Fyrir aftan þau standa Friðrik Ársælsson og Ástríður Jóhannesdóttir sem eru varamenn í stjórn ásamt Hörpu Jónsdóttur en hana vantar á myndina.

Hlutverki stjórnar Fjármálaeftirlitsins er lýst í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi en þar segir: „Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar.“

Í reglum um störf stjórnar Fjármálaeftirlitsins frá 2012 er fjallað nánar um hlutverk stjórnarinnar. Þar er meðal annars farið yfir verkaskiptingu stjórnar og forstjóra, hlutverk stjórnar, ákvarðanir stjórnar í meiri háttar málum, hæfi stjórnarmanna og þagnarskyldu. Enn fremur er þar fjallað um stjórnarfund, hversu oft þeir skuli haldnir og skipulag þeirra.

Stjórnin hélt fimmtán fundi árið 2015. Sem dæmi um verkefni stjórnar á árinu má nefna að teknar voru sjö íþyngjandi ákvarðanir sem lutu að hæfi, stjórnvaldssektum, kæru til lögreglu og yfirtöku fjármálafyrirtækis. Þá samþykkti stjórnin á árinu fimm reglur, sex leiðbeinandi tilmæli og veitti tvö starfsleyfi.



Kristján Friðriksson

Öryggisstjóri Fjármálaeftirlitsins og veiðimaður

„Þetta byrjaði allt með því að stinga af frá mömmu þegar ég var 6 ára og tölta vestur í Ölfusárós. Í dag dregur hin konan í lífi mínu mig í veiði hverja lausa stund sem gefst. Ég lifi í paradís vatnaveiðinnar allt árið um kring.“

1. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins

1. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins

1.1 Eftirlitsstarfsemi

Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir á árinu 2015 voru í samræmi við stefnu Fjármálaeftirlitsins um áhættumiðað eftirlit. Athuganir á starfsemi stærstu viðskiptabankanna voru því fyrirferðamestar. Tilgangur vettvangsathugana er að framkvæma athuganir og afla gagna um einstaka þætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila á starfsstöðvum þeirra.

Athugun á fylgni stærstu bankanna við eigin útlánareglur við veitingu nýrra lána til lögaðila lauk á árinu. Í henni var meðal annars farið yfir útlán til fyrirtækja í hótélrekstri en mikil uppbygging hefur á liðnum árum átt sér stað í þeim geira.

Gerð var athugun á virðismati útlána hjá Íslandsbanka hf. þar sem meðal annars var tekið úrtak úr lánasafni bankans og skoðað ítarlega hvernig einstök lán voru metin af bankanum og hvort það mat væri í samræmi við reglur bankans. Athugunin náði til 11,5% af bókfærðu virði útlána til fyrirtækja.

Tvær athuganir sneru að stórum áhættuskuldbindingum. Hjá Kvikku banka hf. var kannað hvort bankinn uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru til mildunar áhættuskuldbindinga en hjá Landsbankanum hf. var gerð skoðun á innra eftirlitskerfi bankans sem heldur utan um stórar áhættuskuldbindingar.

Veð- og tryggingakerfi stærstu viðskiptabankanna voru könnuð til að staðfesta virkni og skráningar í kerfin auk þess sem verklag við skráningu í þau var kannað. Á árinu gerði Fjármálaeftirlitið einnig athugun á umfangi veittra ívilnana frá gildandi samningsskilmálum lána hjá stærstu viðskiptabönkunum. Markmið þeirrar athugunar var að leggja mat á umfang ívilnana og hvort skráning, eftirlit og skýrslugjöf bankans til Fjármálaeftirlitsins vegna þeirra væri fullnægjandi.

Hjá stærstu viðskiptabönkunum var kannað eftirlit bankans og fylgni við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Sérstök áhersla var lögð á að skoða áreiðanleikakannanir við upphaf viðskipta, hvort reglubundið eftirlit hefði átt sér stað í kjölfarið og hvort uppfærðra upplýsinga um viðskiptavini hefði verið aflað.

Á síðastliðnu ári hóf Fjármálaeftirlitið athugun á útlánasafni Sparisjóðs Suður-Þingeyinga ses. og lauk henni í ársbyrjun 2016. Athugunin beindist einkum að því að kanna gæði útlánasafns sparisjóðsins og var sérstaklega horft til þess hvort sjóðurinn væri almennt með nægar tryggingar fyrir lánveitingum sínum. Jafnframt var farið ítarlega yfir innri reglur sjóðsins sem lúta að veitingu útlána og eftirliti með þeim. Fjármálaeftirlitið hóf einnig samskonar athuganir hjá Sparisjóði Austurlands hf., Sparisjóði Höfðhverfinga ses. og Sparisjóði Strandamanna ses. og er áætlað að ljúka þeim athugunum á fyrri helming ársins 2016.

Hjá váttryggingafélögum var gerð athugun er sneri að tjónaferli ábyrgðartrygginga ökutækja og beindist hún að innri verkferlum, reglum og framkvæmd hvers félags frá því að tilkynning um tjón barst og þar til að málinu var lokið af hálfu viðkomandi félags, óháð málalokum. Einnig var málshraði við meðferð tjóna skoðaður. Við þessar athuganir var sérstaklega hugað að neytendaverndarsjónarmiðum.


Á árinu lauk athugunum á áhættustýringu lífeyrissjóða. Kannað var hvernig henni væri háttað og hvort hún samræmdest leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Athuganir fóru fram hjá Gildi lífeyrissjóði, Lífeyrissjóði bankamanna, Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, Lífeyrissjóði verzlunarmanna og Sameinaða lífeyrissjóðnum.

Niðurstöður vettvangsathugana Fjármálaeftirlitsins eru birtar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins í samræmi við gagnsæisstefnu eftirlitsins. Yfirlit yfir gagnsæistilkynningar Fjármálaeftirlitsins á því tímabili er ársskýrslan nær til er að finna á blaðsíðu 60-61.

Hér að neðan má sjá fjölda athugana sem lokið var á árinu 2015 og eru þær flokkaðar eftir

tegund eftirlitsskyldra aðila. Einnig má sjá fjölda mála sem lokið var á árinu 2014 til viðmiðunar. Fleiri mál hófust á árinu 2015 en einungis er sýndur fjöldi þeirra mála sem lokið var við.

Mynd 1 Fjöldi vettvangsathugana sem lokið var á árinu 2014 til 2015 eftir tegund eftirlitsskylds aðila.



Fjárhagslegt eftirlit og aðrar athuganir

Könnunar- og matsferli (SREP-ferli) er framkvæmt árlega í samfelldu ferli vegna stóru viðskiptabankanna þriggja og eru niðurstöður þess kynntar fyrir stjórnnum bankanna í lok ferlisins. Í könnunar- og matsferlinu leggur Fjármálaeftirlitið mat á þá áhættuþætti sem felast í starfsemi banka og með hvaða hætti þeir meðhöndla þá áhættuþætti. Ferlið felur jafnframt í sér að Fjármálaeftirlitið leggur mat á og ákveður fjárhæð og samsetningu þess viðbótareiginfjár sem nauðsynlegt er vegna áhættu sem viðkomandi banki stendur frammi fyrir eða gæti staðið frammi fyrir til viðbótar við lágmarkskröfur um eigið fé. Hluti af framkvæmd könnunar- og matsferlis er yfirferð á skýrslum viðkomandi banka um eigið mat þeirra á eiginfjárbörf vegna áhættu í starfseminni (ICAAP-ferli banka). Tilgangur ICAAP-ferlis er að tryggja að viðkomandi banki greini, leggi mat á og fylgist með áhættum í starfseminni, sé með nægilegt eigið fé í samræmi við áhættustefnu bankans og beiti traustri áhættustýringu.

Eitt af verkefnum Fjármálaeftirlitsins við eftirlit með fjármálafyrirtækjum hefur verið innleiðing á nýju gagnaskilaformi (XBRL). Innleiðingin felur í sér miklar breytingar á gagnaskilum til Fjármálaeftirlitsins til frambúðar. Gerð hefur verið krafa um samhliða skil á meðan á aðlögunartímanum stendur og borið saman hvort hin nýju gagnaskil væru í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Stærsta verkefni Fjármálaeftirlitsins á sviði eftirlits með vátryggingastarfsemi hefur falist í undirbúningi að innleiðingu á Solvency II tilskipuninni. Dæmi um verkefni sem tengjast því eru fyrirnefnd XBRL gagnaskil, yfirferð á eigin áhættu- og gjaldþolsmati vátryggingafélaganna (ORSA) og þátttaka í vinnuhópi á vegum Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaefirlitsins (EIOPA) vegna sameiginlegrar eftirlitshandbókar fyrir evrópsk vátryggingaeftirlit. Þá hefur Fjármálaeftirlitið skoðað hvort verðlagning vátryggingafélaganna á iðgjöldum vátryggingataka sé í samræmi við áhættu og kostnað sem tengjast vátryggingunum. Rekstraráhætta félaganna hefur verið skoðuð sem og viðskiptalíkan þeirra og áhætta tengd því.

Komið hefur verið á auknum samskiptum Fjármálaeftirlitsins við ytri endurskoðendur fjármálafyrirtækja. Með reglulegum fundum þessara aðila tvisvar á ári við upphaf endurskoðunar annars vegar og við lok endurskoðunar hins vegar. Fyrstu fundirnir voru haldnir í aðdraganda að endurskoðun á ársuppgjörum bankanna vegna ársins 2015. Þessi samskipti eru í samræmi við leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2015 um samskipti Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda

eftirlitsskyldra aðila sem jafnframt eru einingar tengdar almannahagsmunum.

Í samræmi við áhættumiðað eftirlit hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á að kanna stjórnarhætti, rekstraráhættu, markaðsáhættu og útlánaáhættu hjá lífeyrissjóðum. Með hliðsjón af framangreindu áhættumati fóru fram fjölmargar athuganir. Sem dæmi var skoðað hvort lífeyrissjóðir hefðu sett sér skriflegt verkferli varðandi verkefni á borð við fjárfestingar, verðbréfavíðskipti starfsmanna, heimildir og uppáskriftir og hvort eftir því væri farið. Útlán lífeyrissjóðanna voru skoðuð með áherslu á hvort farið væri eftir útlánareglum við ákvarðanir um lánveitingar. Þá voru vanskil á útlánnum könnuð og hvernig innheimtuferli þeirra færi fram. Margir lífeyrissjóðir útvista stórum hluta verkefna sinna til annars aðila og var ákveðið að skoða útvistun þeirra. Kannað var hvort samningar uppfylltu skilyrði leiðbeinandi tilmæla um útvistun og hvort viðkomandi sjóður hefði tilnefnt aðila innan sjóðsins til að hafa eftirlit með því að útvistuðum verkefnum væri sinnt með fullnægjandi hætti. Þá voru stjórnarhættir lífeyrissjóðanna skoðaðir, sérstaklega m.t.t. þess hversu virkar stjórnir sjóðanna væru í eftirlitshlutverki sínu.

Gerð var sértæk athugun á upplýsingum sem skylt er að birta á heimasíðum verðbréfafyrirtækja og athugasemdir sendar út í kjölfarið.

Fjármálaeftirlitið sendi í desember sl. dreifibréf til fjármálafyrirtækja um framsetningu, birtingu og afhendingu lykilupplýsinga til fjárfesta í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Með dreifibréfinu vildi Fjármálaeftirlitið undirstrika mikilvægi lykilupplýsinga fyrir fjárfesta til að hafa til samanburðar við ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum. Eins og segir í dreifibréfinu hefur komið í ljós við yfirferð eftirlitsins á heimasíðum rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra fjármálafyrirtækja sem markaðssetja verðbréfa- og fjárfestingarsjóði að lykilupplýsingum virðist í mörgum tilfellum ekki vera veitt það vægi sem upplýsingaskjalinu er ætlað lögum samkvæmt.

Í desember 2015 sendi Fjármálaeftirlitið dreifibréf til rekstrarfélaga verðbréfasjóða þar sem áréttáðar voru þær reglur sem gilda um tilkynningar til stofnunarinnar fari fjárfesting verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs fram úr leyfilegum mörkum varðandi fjárfestingarheimildir, sbr. 43. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

Fjármálaeftirlitið tók til skoðunar upplýsingagjöf váttryggingamiðlunarinnar Tryggja ehf. til víðskiptavina félagsins. Athugunin leiddi til þess að fundið var að nokkrum atriðum í upplýsingagjöfinni sem töldust ekki vera í samræmi við VI. kafla laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga.

Gerð var óhæðisathugun hjá rekstrarfélögum verðbréfasjóða og voru gerðar athugasemdir hjá tveimur félögum sem gerðu breytingar í kjölfarið. Þá fór fram sértæk athugun á starfsheimildum rekstrarfélaga.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki eftirlit með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, en vegna sérfræðipækkingar sinnar gegnir það ákveðnu leiðbeiningahlutverki varðandi hvernig staðlarnir eru túlkaðir. Nú er unnið að undirbúningi innleiðingar IFRS 9 um fjármálagerninga, sem fjallar meðal annars um breyttar aðferðir við virðismat útlána. Einnig eru framundan breytingar á IFRS 4 um váttryggingasamninga.

Eftirliti Fjármálaeftirlitsins með fjármálafyrirtækjum í slitameðferð í kjölfar hrunsins lauk að mestu leyti í byrjun árs 2016 en þá höfðu öll fjármálafyrirtæki í slitameðferð nema tvö, það er Landsvaki hf. og Saga Capital hf., lokið slitameðferð sinni.

Eftirfylgni í kjölfar úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins árið 2014

Á árinu 2014 lauk úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á fylgni (e. Compliance) Fjármálaeftirlitsins við 29 kjarnareglur um skilvirkt bankaeftirlit (e. Basel Core Principles on Effective Banking Supervision). Úttektin byggðist á endurskoðuðum kjarnareglum sem gefnar voru út árið 2012 af Baselnefnd um bankaeftirlit (e. Basel Committed on Banking Supervision), þar sem meðal annars er lögð aukin áhersla á skipulegt mat áhættuþátta og

bætt eftirlit með rekstri fjármálafyrirtækja í samræmi við veikleika sem komu fram í hrúni á fjármálamörkuðum á árunum 2007 og 2008.

Ábendingar um úrbætur sem fram komu í úttekt AGS lutu m.a. að þáttum í starfi Fjármálaeftirlitsins og einnig að þáttum sem varða innviði í íslensku stjórnkerfi svo sem valdheimildum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum. Ábendingarnar voru flokkaðir í eftirfarandi fimm flokka:

- Úrbætur sem krefjast lagabreytinga
- Útgáfa reglna/leiðbeinandi tilmæla sem beina þarf að eftirlitsskyldum aðilum varðandi ýmsa áhættuþætti í starfsemi þeirra
- Að lokið verði innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits
- Að Fjármálaeftirlitið setji sér ítarlegri innri verklagsreglur varðandi viðmið við eftirlit með einstökum áhættuþáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila
- Að Fjármálaeftirlitið þróa áfram endurmenntunar- og mannauðsstefnu með það markmið að stuðla að því að starfsmenn þróist í starfi og stofnuninni haldist á starfsfólki

Í kjölfar úttektar var hrint í framkvæmd aðgerðaáætlun um úrbætur í samræmi við niðurstöður úttektarinnar. Unnið hefur verið skipulega að úrbótum og er gert ráð fyrir að þeim verði að mestu lokið fyrir árslok 2016.

Hæfisumsóknir, virkir eignarhlutir og leyfisveitingar

Á árinu 2015 barst Fjármálaeftirlitinu fjöldi tilkynninga um nýja stjórnarmenn og framkvæmdastjóra og lagði mat á hæfi þeirra.

Fjármálaeftirlitið metur hæfi aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum en virkur eignarhlutur er bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags. Nokkuð var um breytingar á eignarhaldi á félögum á árinu 2015 og afgreiddi stofnunin m.a. tilkynningar Ríkissjóðs Íslands um virka eignarhluti í Íslandsbanka hf., Borgun hf., Íslandssjóðum hf., Summu rekstrarfélagi hf., Lýsingu hf., Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Sjóvá-Almennum líftryggingum hf. Eiga framangreindar breytingar á eignarhaldi rætur að rekja til stöðugleikaframlags fjármálafyrirtækja í slitameðferð.

Á árinu 2015 veitti Fjármálaeftirlitið tveimur félögum innheimtuleyfi. T-9 ehf. var veitt innheimtuleyfi í september og Premium ehf. í október. Þá var GAMMA Capital Management hf. veitt aukið starfsleyfi í september og Fossum mörkuðum hf. í júní og nóvember 2015. Íslenskum fjárfestum hf. var veitt aukið starfsleyfi í apríl 2016.

Á árinu 2015 voru samrunar fjármálafyrirtækja nokkuð tíðir en þeir eru háðir samþykki Fjármálaeftirlitsins. Þannig tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun í mars um samruna Sparisjóðs Vestmannaeyja við Landsbankann hf. Þá veitti stofnunin samþykki sitt fyrir samruna Straums fjárfestingabanka hf. við MP banka hf. (nú Kviku banka hf.) í júní, samþykki fyrir samruna Sparisjóðs Norðurlands ses. við Landsbankann hf. í september og samþykki fyrir samruna Afl sparisjóðs ses. við Arion banka hf. í október. Í mars 2016 veitti Fjármálaeftirlitið síðan samþykki sitt fyrir samruna H.F. Verðbréfa hf. við Arctica Finance hf.

Afgreiddar hafa verið umsóknir um hækkun á fjárhæðarheimildum vegna útgáfu sértryggðra skuldabréfa fyrir viðskiptabankana.

Greining einstakra áhættuþátta og mat á kerfisáhættu

Eitt af helstu verkefnum Fjármálaeftirlitsins er að meta stöðu einstakra áhættuþátta í rekstri og starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Áhættunni er gefin einkunn á bilinu 1-4 og á því er heildaráhættumat aðilans síðan byggt. Sérfræðingar í einstökum áhættuþáttum koma að áhættumatinu og er það orðið fastur liður í starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Greining og mat á einstökum áhættuþáttum

Viðskiptalíkan

Við greiningu á viðskiptalíkani er lagt mat á þá þætti sem taldir eru ógna lífvænleika núverandi viðskiptalíkans og sjálfbærni viðskiptastefnu. Viðskiptastefna er greind og skoðuð með tilliti til áhættuvilja og rekstrarniðurstöðu undanfarinna ára. Matið er hvort rekstrar- og efnahagslegar forsendur séu nægilega skýrar og raunhæfar.

Stjórnarhættir og innra eftirlit

Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti felur í sér könnun á því hvort eftirlitsskyldur aðili fullnægi kröfum sem gerðar eru til góðra stjórnarháttanna og innra eftirlits, og hvort til staðar sé viðeigandi heildstætt kerfi stjórnarháttanna, áhættustýringar og innra eftirlits með tilliti til áhættustígs, eðlis, umfangs og starfsemi aðilans. Við mat á stjórnarháttum og innra eftirliti er horft til þess hvort stjórnarhættir og innra eftirlit skapi áhættu og hafi áhrif á lífvænleika. Matið tekur til stjórnarháttanna og innra skipulags, fyrirtækja- og áhættumeningar, samsetningar og starfsemi stjórnar, kaupaukakerfis og starfskjarastefnu fyrirtækisins, áhættustýringar, innra eftirlits, viðbúnaðaráætlunar og upplýsingatæknikerfa.

Útlána-, mótaðila og samþjöppunaráhætta

Útlánaáhætta er hættan á tapi af því að lántaki standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart lánveitanda, þ.e. greiði ekki lán sín í samræmi við umsamda skilmála. Með mótaðilaáhættu er átt við hættuna á tapi af því að mótaðili vegna afleiðuviðskipta, verðbréfalána eða endurhverfra verðbréfi viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar í samræmi við umsamda skilmála. Samþjöppunaráhætta er hættan á tapi vegna ófullnægjandi dreifingar á lánasafni og skiptist í samþjöppun vegna lántaka (e. single name) og geira (e. sector and geographic).

Við mat á útlána- og mótaðilaáhættu leggur Fjármálaeftirlitið einkum áherslu á undirliggjandi áhættu og áhættustýringu. Meðal annars er skoðuð samsetning útlánasafnsins, vanskil og meðferð þeirra, niðurfærslur og aðferðafræði auk áhættumildunar og áhættustýringar.

Við mat á undirliggjandi samþjöppunaráhættu skoðar Fjármálaeftirlitið áhættu sem rekja má til fárra áhættuskuldbindinga eða áhættuskuldbindinga sem hegða sér á svipaðan hátt m.t.t. vanskila og stýringar á henni. Felur matið í sér greiningu á hugsanlegri samfylgni áhættuskuldbindinga, sérstaklega á álagstíma. Við matið er sérstaklega tekin til skoðunar lántakasamþjöppun, geirasamþjöppun og samþjöppun starfsemi á Íslandi eða öðrum landssvæðum, samþjöppun í vöruframboði og samþjöppun í tryggingum og ábyrgðum.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á tapi af virði fjármálagerna sem leiðir af óhagstæðum breytingum á undirliggjandi markaðsþáttum. Fjármálaeftirlitið leggur mat á undirliggjandi markaðsáhættu eftirlitsskyldra aðila og stýringu hennar, bæði fyrir veltu- og fjárfestingabók. Í tilfelli fjármálafyrirtækja metur Fjármálaeftirlitið eftirtalda undiráhættuþætti út frá eigin viðmiðum, sem byggja meðal annars á næmni- og VaR-greiningum í samræmi við

viðmiðunarreglur:

- vaxtaáhætta (e. interest rate risk),
- hlutabréfaáhætta (e. equity risk),
- gjaldeyrisáhætta (e. FX risk) og
- verðtryggingaráhætta (e. inflation indexation risk)

Vegna aukinnar stærðar lífeyrissjóða er ekki nóg að fylgjast með því að þeir haldi sig innan fjárfestingarheimilda, heldur er mikilvægt að fylgjast með markaðsáttunni í kerfinu. Verkefni á þeim vettvangi hafa verið aukin og fyrir Alþingi liggur frumvarp sem eykur kröfur til stýringar áhættu lífeyrissjóðanna.

Í Solvency II verður reglugerð um fjárfestingarheimildir varðandi eignir til jöfnunar váttryggingaskuld felld úr gildi og í staðinn kemur svonefnd varfærnisregla (e. prudent person principle). Sú regla leggur ríkar kröfur til stjórnenda váttryggingafélaga um að sýna tilhlýðilega varfærni í fjárfestingum og er sú krafa lögð á Fjármálaeftirlitið að leggja eigið mat á varfærnina. Fjármálaeftirlitið hefur undirbúið sig að því að starfa á þessum grundvelli.

Fastvaxtaáhætta

Fastvaxtaáhætta er hættan á rýrnun á núvirði hreinna vaxtaberandi eigna og skulda í fjárfestingarbók vegna óhagstæðra breytinga á markaðsvöxtum. Fjármálaeftirlitið leggur mat á undirliggjandi fastavaxtaáhættu og gæði stýringar á fastvaxtaáhættu. Skoðuð eru áhrif þess að hliðra viðeigandi vaxtakúrfum samhverft upp og niður út líftímann í samræmi við viðmiðunarreglur. Áhrif þessara vaxtahlíðrana á núvirði vaxtaberandi eigna og skulda í hverri mynt eru grunnur að áhættumati Fjármálaeftirlitsins fyrir þennan áhættuþátt.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan af fjárhagslegu tjóni vegna óviðunandi innri ferla, kerfa og mistaka starfsmanna eða vegna utanaðkomandi atvika. Fjármálaeftirlitið leggur mat á undirliggjandi rekstraráhættu, með áherslu á hlítningaráhættu (e. compliance risk), háttsemisáhættu (e. conduct risk), laga- og stjórn málaáhættu (e. legal and political risk), áhættu vegna upplýsingatæknikerfa (e. information technology risk), og orðsporsáhættu (e. reputational risk) auk stýringu aðilans á áhættunni.

Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Mat Fjármálaeftirlitsins á lausafjár- og fjármögnunaráhættu byggir á þremur þáttum; í fyrsta lagi mati á stýringu og eftirliti með lausafjár- og fjármögnunaráhættu, í öðru lagi mati á undirliggjandi lausafjáráhættu og í þriðja lagi mati á undirliggjandi fjármögnunaráhættu. Við mat á stýringu og eftirliti með lausafjár- og fjármögnunaráhættu er meðal annars könnuð lausafjárstefna og lausafjárþolmörk, greining, mæling, stýring og eftirlit og upplýsingagjöf með áhættu, álagspróf, viðbúnaðaráætlanir og fjármögnunaráætlanir.

Við mat á undirliggjandi lausafjáráhættu er meðal annars lagt mat á lausafjárþörf til skamms og meðallangs tíma, lausafjáráhættu innan dags, lausafjáreignir og svigrúm til mótvægisáðgerða og álagspróf eftirlitsaðila á lausafjáráhættu.

Við mat á undirliggjandi fjármögnunaráhættu er meðal annars lagt mat á samsetningu fjármögnunar, ógn við fjármálastöðugleika vegna samsetningar fjármögnunar, aðgengi að markaði og vænta breytingu á fjármögnunaráhættu með hliðsjón af fjármögnunaráætlun.

Lífeyristryggingaáhætta

Lífeyristryggingaáhætta er hættan á því að lífeyrissjóður vanmeti skuldbindingar sínar

Í tryggingafræðilegu mati. Mat á skuldbindingum er framkvæmt af tryggingafræðingi lífeyrissjóðs og byggir á líkindavegnu mati og núvirði greiðslna samkvæmt réttindum, sem lífeyrissjóður hefur heitið sjóðfélögum sínum.

Þessi áhættuþáttur tekur einkum til áhrifa lýðfræðilegra þátta á skuldbindingar lífeyrissjóða. Fjármálaeftirlitið fylgist með þróun þessara þátta og metur hvaða áhrif breytingar á honum munu hafa á stöðu lífeyrissjóðanna.

Vátryggingaáhætta

Vátryggingaáhætta er öll hætta tengd útgáfu vátryggingarsamninga. Undir vátrygginga-áhættu fellur mat á vátryggingaskuld sem starfssvið tryggingastærðfræðings ber ábyrgð á. Fjármálaeftirlitið fylgist með þróun og mati vátryggingaskuldarinnar. Vátryggingaáhætta felur einnig í sér þá hætta að iðgjöld dugi ekki fyrir skuldbindingum og er verðlagning vátryggingasamninga því mikilvægt tæki í áhættustýringu. Loks má nefna hamfaraáhætta sem er sú hætta að vátryggingafélag þurfi að greiða út stórtjón og er þá mikilvægt að gæta að öflugri endurtryggingavernd.

Innan Fjármálaeftirlitsins vinnur sérstakt þjóðhagsvarúðarteymi að greiningu á kerfisáhættu og er unnið náið með Seðlabanka Íslands að því verkefni. Í samvinnu við Seðlabankann er meðal annars gert álagspróf á viðskiptabönkunum. Þjóðhagsvarúðarteymið, í samstarfi við Seðlabanka Íslands, undirbýr fundi kerfisáhættunefndar sem eru fjórum sinnum á ári.

Hinn 1. mars 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að nánar tiltekin fjármálafyrirtæki viðhaldi eiginfjáruka vegna kerfisáhættu, eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli frá fjármálastöðugleikaráði. Auk fyrrgreindra þriggja eiginfjáruka er í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, kveðið á um verndunarauka en sá eiginfjáruki krefst ekki sérstakrar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins. Umræddir eiginfjárukar taka smám saman gildi á næstu misserum eins og nánari grein er gerð fyrir á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Eiginfjárukarnir eru hluti af svonefndum þjóðhagsvarúðartækjum sem þróuð hafa verið á alþjóðlegum vettvangi og er þeim ætlað að auka viðnámsþrótt fjármálakerfisins.

Í frumvarpi til laga um fasteignalán til neytenda sem er til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti beitt nýju þjóðhagsvarúðartæki og takmarkað veðhlutfall fasteignalána til neytenda. Í því sambandi þarf að fylgjast reglulega með þróun á fasteignamarkaði og útlánavexti til fasteignakaupa.

Verðbréfamarkaðseftirlit

Á árinu 2015 voru 42 mál tekin til athugunar með tilliti til þess hvort lög hefðu verið brotin á verðbréfamarkaði. Athugun á 21 þeirra hófst á grundvelli ábendinga frá Nasdaq Iceland en 21 mál var tekið til athugunar að eigin frumkvæði Fjármálaeftirlitsins eða vegna ábendingar frá öðrum aðilum en Nasdaq Iceland. 23 málum hefur verið lokið án aðgerða, þrjú mál voru send til rannsóknarhóps FME, þremur málum var lokið með viðurlögum og 13 mál eru enn til skoðunar þegar þetta er ritað í maímánuði 2016. Flest þessara mála varða möguleg brot á upplýsingaskyldu útgefanda (birting innherjaupplýsinga), flöggunarreglum, innherjasvik og markaðsmisnotkun.

Þann 8. júní 2015 ákvað Fjármálaeftirlitið að stöðva tímabundið viðskipti með helstu fjármálagerninga sem gefnir voru út af ríkissjóði eða voru með ríkisábyrgð. Viðskipti voru einnig stöðvuð með hlutabréf vátryggingafélaganna og annarra sjóða sem áttu mikið af ríkisskuldabréfum. Ákvörðun um stöðvun umræddra viðskipta var tekin eftir samráð við fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Nasdaq Iceland, Seðlabankans o.fl. Tilgangur hennar var að vernda jafnræði fjárfesta en síðar þann sama dag kynntu forsætisráðherra og fjármálaráðherra áætlun um afnám fjármagnshafta. Þar sem búið var að kynna fyrrgreinda áætlun fyrir fjölmörgum aðilum taldi


Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að stöðva viðskipti til að tryggja jafnræði á markaði. Opnað var aftur fyrir viðskipti síðar sama dag.

Þann 20. ágúst 2015 heimsótti Steven Maijoor, stjórnarformaður Evrópska verðbréfa- og markaðseftirlitsins (ESMA) Fjármálaeftirlitið og átti fund með stjórnendum eftirlitsins auk þess sem starfsmenn kynntu fyrir honum fjármálamarkaðinn á Íslandi og áherslur í eftirliti með verðbréfamarkaði. Steven Maijoor átti einnig fundi með fulltrúum Seðlabankans, samtaka fjármálafyrirtækja, Nasdaq Iceland og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í tengslum við heimsókn stjórnarformannsins hélt Fjármálaeftirlitið opinn kynningarfund þar sem fjallað var um nýmæli á verðbréfamarkaði. Á fundinum kynnti Steven Maijoor helstu áherslur ESMA en auk þess fjallaði starfsmaður Fjármálaeftirlitsins um EMIR reglugerðina og áhrif hennar á Íslandi.

Veturinn 2015-2016 var lokið við athugun á aðskilnaði starfssviða í stóru bönkunum þremur og minni fjármálafyrirtækjum. Starfsmenn verðbréfamarkaðseftirlits tóku þátt í athuginni með starfsmönnum vettvangsathugana Fjármálaeftirlitsins. Um stóra athugun var að ræða sem reyndi á fjölmörg atriði sem geta snert aðskilnað starfssviða og hættu á hagsmunaaðrekstrum s.s. aðgangsheimildir starfsmanna fjármálafyrirtækja að rafrænum gögnum, aðkomu framkvæmdastjóra að daglegri starfssemi tiltekinna deilda, áþreifanlegan aðskilnað sviða og margt fleira. Verðbréfamarkaðseftirlitið hefur jafnframt hafið fleiri minni athuganir undanfarna mánuði og misseri sem snerta ýmiss svið verðbréfamarkaðar s.s. bestu framkvæmd í verðbréfavíðskiptum, safnskráningu, opinbera fjárfestingarráðgjöf o.fl.

Meðal verkefna Fjármálaeftirlitsins er yfirferð og staðfesting útboðslýsinga fjámálagerna. Alls voru 24 lýsingar staðfestar árið 2015, þar af þrjár hlutabréfalýsingar og 21 skuldabréfalýsing. Staðfestir viðaukar við lýsingar voru 11. Staðfestar grunnlýsingar ársins voru fjórar talsins og 80 endanlegir skilmálar voru birtir á vef Fjármálaeftirlitsins. Fjöldi endanlegra skilmála endurspeglar m.a. aukna útgáfu viðskiptabankanna þriggja á víxlum og sértrygðum skuldabréfum.


Mynd 2 Staðfesting lýsinga



Útgáfa bankanna á verðbréfum sem tekin eru til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland, hefur aukist ár frá ári í fjárhæðum talið. Aukningin milli 2013 og 2014 nam 36% en tók svo mikið stökk milli árunna 2014 og 2015 eða um 103%, fór úr tæpum 46 milljörðum króna í tæpa 93 milljarða. Meirihluti útgáfunnar hefur verið í formi sértryggðra skuldabréfa og var hlutfall sértryggðu útgáfunnar 67% af heildarútgáfunni árið 2015. Inni í tölunum fyrir árið 2015 er einnig útgáfa Kviku banka að fjárhæð 4,5 milljarðar króna.

Mynd 3 sýnir hvernig verðbréfaútgáfan skiptist á milli bankanna. Árið 2015 var Íslandsbanki með 41% útgáfunnar og Arion banki þar næstur með 32%.

Mynd 3 Verðbréfaútgáfa bankanna



Fjármálaeftirlitið tekur þátt í samstarfi um eftirlit með Nasdaq kauphöllunum á Norðurlöndunum en þær reka viðskiptavettvanga (e. trading venues) á Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Um er að ræða eftirlitshóp (e. college) sem hittist 3-4 sinnum ári og gerir reglulega athuganir á starfsemi kauphallanna. Nefna má sem dæmi nýlega athugun á tölvuöryggi kauphallanna (e. cyber security).

1.2 Viðurlög og reglusetning

Viðurlagamál

Hinn 1. október 2015 tók gildi ný stefna Fjármálaeftirlitsins um beitingu þvingunar- og viðurlagaúrræða. Samkvæmt stefnunni mun Fjármálaeftirlitið bregðast, af festu og á markvissan hátt, við brotum á lögum og reglum, þar með talið um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti og brotum gegn ákvörðunum eftirlitsins. Það verður gert með beitingu þvingunarúrræða, viðurlaga, þ.m.t. stjórnvaldssekta, og eftir atvikum með því að endurmeta hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila. Enn fremur kemur fram í stefnunni að Fjármálaeftirlitið hyggist ljúka málum vegna brota með samkomulagi um sátt að því gefnu að málsaðili óski þess og að skilyrði fyrir sátt séu uppfyllt. Tekið er fram að ekki sé þó hægt að ljúka málum með sátt þegar um er að ræða meiriháttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Í sátt felst að aðili gengst við að hafa brotið gegn ákvæðum laga, reglna eða gegn ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins, greiðir tiltekna sektargreiðslu sem Fjármálaeftirlitið ákveður, og eftir atvikum undirgengst önnur skilyrði sem Fjármálaeftirlitið setur. Sektarfjárhæð í málum sem lokið er með sátt getur verið allt að helmingi lægri en fjárhæð stjórnvaldssektar og ræðst lækkunin af því á hvaða stigi meðferð máls er við gerð sáttar. Stefnuna má finna á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

Á tímabilinu 1. maí 2015 til 30. apríl 2016 féllst Fjármálaeftirlitið á að ljúka þremur málum vegna brota með samkomulagi um sátt. Í fyrsta lagi var um að ræða brot aðila gegn 3. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 um bann við að stunda innheimtustarfsemi fyrir aðra án innheimtuleyfis. Samkomulagið kvað á um að aðilinn skyldi greiða sekt að fjárhæð 2.375.000 kr. Í öðru lagi var um að ræða brot BankNordik gegn 126. og 127. gr. laga nr. 108/2007, en félagið braut í tvígang gegn ákvæðunum með því að annars vegar birta ekki opinberlega eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli upplýsingar um viðskipti fruminnherja og aðila tengda fruminnherja og hins vegar tilkynna ekki um viðskiptin til Fjármálaeftirlitsins innan tilskilins tímafrests. Samkomulagið kvað á um að félagið skyldi greiða sekt að fjárhæð 1.800.000 krónur. Í þriðja lagi var um að ræða brot Ríkisútvarpsins

ohf. á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, en félagið braut gegn ákvæðinu með því að hafa ekki staðið skil á listum yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherja með fullnægjandi hætti á réttum tíma. Samkomulagið kvað á um að félagið skyldi greiða sekt að fjárhæð 800.000 krónur.

Á tímabilinu 1. maí 2015 til 30. apríl 2016 var fjórum málum vegna brota lokið með ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar. Í fyrsta lagi var um að ræða brot Arion banka hf. gegn 1. tölul. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, en bankinn braut gegn ákvæðinu þegar hann seldi hlutabréf sem bankinn átti í Högum hf. á sama tíma og hann bjó yfir innherjaupplýsingum sem vörðuðu félagið. Stjórn Fjármálaeftirlitsins tók ákvörðun um að leggja 30.000.000 króna stjórnvaldssekt á bankann vegna brotsins. Í öðru lagi var um að ræða brot aðila gegn 2. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga, en aðilinn braut gegn ákvæðinu með því að hafa miðlað váttryggingum í rúma 13 mánuði án þess að hafa tilskilið starfsleyfi. Stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvarðaði aðilanum stjórnvaldssekt að fjárhæð 2.500.000 krónur vegna brotsins. Í þriðja lagi var um að ræða brot Kópavogsbæjar gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, en sveitarfélagið braut gegn ákvæðinu með því að hafa ekki birt innherjaupplýsingar eins og fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Stjórn Fjármálaeftirlitsins tók ákvörðun um að leggja 3.000.000 króna stjórnvaldssekt á Kópavogsbæ vegna brotsins. Í fjórða og síðasta lagi var um að ræða brot Almenna lífeyrissjóðsins gegn 1. tölul. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti en lífeyrissjóðurinn braut gegn ákvæðinu með því að hafa keypt skuldabréf í tilteknum skuldabréfaflokki á sama tíma og hann bjó yfir innherjaupplýsingum sem vörðuðu skuldabréfaflokkinn. Stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvarðaði lífeyrissjóðnum stjórnvaldssekt að fjárhæð 18.000.000 króna vegna brotsins.

Að lokum skal þess getið að með lögum nr. 58/2015, sem tóku gildi 16. júlí 2015, voru gerðar veigamiklar breytingar á stjórnvaldssektarheimildum Fjármálaeftirlitsins í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og nr. 110/2007 um kauphallir. Helstu breytingarnar samkvæmt lögnum eru þær að nú geta hámarksfjárhæðir stjórnvaldssekta á lögaðila numið allt að 800 milljónum eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi eða samstæðureikningi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þá geta hámarksfjárhæðir stjórnvaldssekta á einstaklinga numið 65 milljónum króna í stað 20 milljóna króna áður. Einnig er nú heimilt að taka mið af fjárhagslegum ávinningi við ákvörðun stjórnvaldssekta. Ákvæði laga nr. 58/2015 gilda um brot sem framin eru eftir gildistöku þeirra.

Innleiðing réttarheimilda

Á árinu fór fram vinna tengd þátttöku Fjármálaeftirlitsins í innleiðingu réttarheimilda í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Þær réttarheimildir sem um ræðir eru reglugerðir, tilskipanir, tæknistaðlar og viðmiðunarreglur. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins í þessari vinnu er einkum að hafa yfirsýn yfir og þekkingu á efni þeirra réttarheimilda sem innleiða þarf á íslenskum fjármálamörkuðum, ritun reglna og leiðbeinandi tilmæla sem innleiða gerðirnar ásamt því að veita fjármála- og efnahagsráðuneytinu sérfræðiaðstoð við gerð lagafrumvarpa og reglugerða.

Á árinu fór fram töluverð vinna við innleiðingu stórra gerða, einkum CRD IV/CRR löggjafarinnar¹, Solvency II tilskipunarinnar og ýmissa gerða sem varða verðbréfamarkað.

Með lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem tóku gildi í júlí 2015, voru ákvæði um eiginfjáruka innleidd í íslenska löggjöf í samræmi við CRD IV tilskipunina. Samkvæmt 84. gr. a laga um fjármálafyrirtæki skal fjármálafyrirtæki til viðbótar við lágmark eiginfjárgrunns viðhalda eiginfjárukum í samræmi við 84. gr. b – 84. gr. e laganna. Í mars 2016 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002 sem innleiðir í íslensk lög ákvæði CRR reglugerðarinnar.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að innleiðingu á Solvency II tilskipuninni sem er nýtt heildarregluverk á váttryggingamarkaði sem tók gildi í ESB 1. janúar 2016. Regluverkið samanstendur af Solvency II tilskipun sem samþykkt var í nóvember 2009 og breytt með tilskipun 2014/51/ESB, svokallaðri Omnibus II tilskipun, og framseldri reglugerð (Delegated Regulation) sem samþykkt var af Framkvæmdastjórn ESB í október 2014. Reglugerðin kveður nánar á um og útskýrir frekar ýmis atriði varðandi Solvency II. Í hnotskurn felst í Solvency II að auknar kröfur eru gerðar til gjaldþols og áhættustýringar váttryggingafélaga með það að markmiði að auka vernd váttryggingataka og að með auknum kröfum er dregið úr líkum á tapi neytenda eða truflunum á markaði. Í desember 2015 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi. Ný lög á þessu sviði munu leysa af hólmi gildandi lög um váttryggingastarfsemi og innleiða jafnframt ákvæði Solvency II tilskipunarinnar.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að undirbúningi að innleiðingu á fjölda reglugerða og tilskipana Evrópusambandsins er varða verðbréfamarkað í íslensk lög og reglur. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu ljúki á næstu tveimur árum með setningu viðeigandi laga og reglna. Sem dæmi má nefna eftirfarandi gerðir en nánari lýsingu á efni hluta þeirra má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins:

- EMIR reglugerð ESB nr. 648/2012 (European Markets Infrastructure Regulation) um OTC-afleiður², miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár
- Skortsölureglugerð ESB nr. 236/2012 (Short Selling Regulation – SSR)
- CSDR reglugerð ESB nr. 909/2014 (Central Securities Depositories Regulation)
- MAR reglugerð ESB nr. 596/2014 (Market Abuse Regulation)
- MiFID II / MiFIR (Markets in Financial Instruments)

Ofangreindar reglugerðir og tilskipanir á sviði lána- váttrygginga- og verðbréfamarkaða fela í sér fjölda nýrra varanlegra eftirlitsverkefna fyrir Fjármálaeftirlitið. Nú stendur yfir viðamikil undirbúningur vegna þessa. Verið er að kortleggja helstu nýjungar og greina hvað felst í þeim en um er að ræða umfangsmiklar breytingar. Með hverri reglugerð og tilskipun fylgja fjölmargir tæknistaðlar sem skýra ítarlega tiltekin ákvæði eða tilgreina sniðmát/form sem þarf að miða við. Einnig þarf að huga að því hvort einhver þessara nýju ákvæða gangi gegn núverandi lögum og reglum. Þá þarf jafnframt að huga að nýjum tölvukerfum enda eru gerðar auknar kröfur um gagnaskil og kerfi sem snerta bæði aðila á markaði og Fjármálaeftirlitið.

Í upphafi ársins 2015 gaf Fjármálaeftirlitið út reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem m.a. fólu í sér breyttar matsaðferðir, breytta framsetningu ársreikninga og meiri kröfur um veitingu upplýsinga um þóknunir og kostnað lífeyrissjóða heldur en fyrri reglur kváðu á um. Öllum lífeyrissjóðum ber að veita auknar upplýsingar um þóknunir og kostnað vegna starfsemi sinnar á árinu 2015, en þeir hafa heimild til að aðlagast öðrum kröfum reglnanna á lengri tíma. Þá voru á árinu einnig gefnar út reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, nr. 1060/2015, sem kveða á um aukna upplýsingagjöf fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Fjármálaeftirlitið gaf einnig út reglur um hámarksútgreiðslufjárhæð (MDA) og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjáruka, nr. 1270/2015, sem takmarka hversu mikið fjármálafyrirtæki geta greitt út af kaupaukum og/eða arði, ef þau uppfylla ekki kröfur um að viðhalda eiginfjárukum. Þá var unnið að samningu lagafrumvarps um sérhæfða sjóði (AIFMD).

Gefin voru út fimm leiðbeinandi tilmæli á árinu um ólík efni og er það fækkun frá fyrra ári þegar gefin voru út sjö slík tilmæli. Athygli er vakin á því að á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins er unnt að fá yfirlit yfir þær réttarheimildir sem frá eftirlitinu stafa eftir útgáfuári.

Einnig má nefna vinnu við leiðbeinandi tilmæli um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja, en drög að þeim eru í umræðuferli þegar þetta er ritað. Í júlí 2015 voru gefin út viðmið Fjármálaeftirlitsins um virðismat aflahlutdeildar vegna útlána og nú eru í umræðuferli drög að viðmiðum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum.

Fyrirkomulag eftirlits með fjármálaþjónustu og aðild að eftirlitsstofnunum

Fjármálaeftirlitið hefur tekið þátt í gerð samkomulags milli EFTA ríkjanna og Evrópusambandsins um fyrirkomulag eftirlits með fjármálaþjónustu á EES svæðinu og aðild EES EFTA ríkjanna að eftirlitsstofnunum Evrópusambandsins á sviði fjármálaþjónustu, EBA, EIOPA og ESMA (ESAs). Á árinu 2014 náðist samkomulag í þessum efnum sem felur í sér að EFTA ríkin fá fulla aðild án atkvæðisréttar að ESAs og mun Fjármálaeftirlitið samkvæmt því eiga sæti í stjórn (e. Board of Supervisors) hvers hinna þriggja ESAs og taka þátt í starfi stofnananna.

Einnig felur samkomulagið í sér að Eftirlitsstofnun EFTA verður í sérstökum tilvikum falið að taka bindandi ákvarðanir gagnvart eftirlitsstjórnvöldum og markaðsaðilum í EES EFTA ríkjunum, þ.m.t. hér á landi. Eftirlitsstofnun EFTA verður einnig falið beint eftirlit (e. direct supervision) með lánshæfismatsfyrirtækjum og afleiðuviðskiptaskráum (e. trade repositories) sem hafa starfsleyfi í EES EFTA ríkjunum.

Frá því að samkomulagið náðist hafa sérfræðingar EES EFTA ríkjanna átt í samningaviðræðum við Evrópusambandið um útfærslu á því með aðlögun á viðkomandi réttarheimildum. Hefur Fjármálaeftirlitið tekið virkan þátt í þeim samningaviðræðum og verið fjármála- og efnahagsráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu til aðstoðar. Mikilvægum áföngum hefur verið náð í samningaviðræðunum og er gert ráð fyrir að á árinu 2016 verði reglugerðirnar um EBA, EIOPA og ESMA teknar upp í EES samninginn ásamt öðrum tengdum gerðum, alls 31 gerð. Í kjölfarið er áætlað að gerðar verði breytingar á lögum til innleiðingar hins nýja eftirlitskerfis.

1.3 Viðskiptahættir og neytendamál

Eitt af verkefnum Fjármálaeftirlitsins er að hafa eftirlit með viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila, þ.á m. gagnvart neytendum fjármálaþjónustu, ásamt því að sinna upplýsinga- og leiðbeiningarhlutverki í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Ákvæði er varða viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila má finna í öllum sérlögum á fjármálamarkaði, sem og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Áhersla Fjármálaeftirlitsins hefur verið á viðskiptahætti í ytri starfsemi eftirlitsskyldra aðila, þ.e. þann þátt sem snýr að samskiptum við viðskiptavini.

Á árinu 2015 bárust Fjármálaeftirlitinu 222 skriflegar ábendingar og fyrirspurnir ásamt því að veittar voru leiðbeiningar til viðskiptavina eftirlitsskyldra aðila í gegnum síma.

Verkefni tengd viðskiptaháttum gagnvart neytendum fjármálaþjónustu á árinu voru afar fjölbreytileg. Þau fólust meðal annars í:

- Athugun á viðskiptaháttum Tryggingamiðstöðvarinnar hf. varðandi upplýsingagjöf til váttryggingartaka við endurnýjun váttrygginga skv. 11. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- Athugun á upplýsingagjöf Lýsingar hf. gagnvart viðskiptamönnum.
- Athugun á viðskiptaháttum Arion banka hf. í tengslum við sölu bankans á hlutabréfum í Símanum hf.
- Athugun á viðskiptaháttum Landsbankans hf. í tengslum við sölu bankans á hlutabréfum í Borgun hf.
- Athugun á notkun svonefndra PC Crash skýrslna hjá váttryggingafélögum.

Viðskiptaháttaeftirlit Fjármálaeftirlitsins hefur að mestu falist í því að bregðast við eftir því sem upplýsingar hafa borist um athugunarverð málefni í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Við ákvörðun verkefna hefur verið horft til þeirra hagsmuna sem í húfi eru að teknu tilliti til stefnu eftirlitsins um áhættumiðað eftirlit.

Með þátttöku eftirlitsins í starfsemi neytendaverndarnefnda eftirlitsstofnanna Evrópu og auknu vægi málaflokksins innan Fjármálaeftirlitsins gefst tækifæri til þess að viðskiptaháttaeftirlit

Fjármálaeftirlitsins verði forvirkara. Í því felst til dæmis að Fjármálaeftirlitið taki frekari þátt í þemaathugunum sem framkvæmdar eru á vegum evrópskra eftirlitsstofnana og noti upplýsingar úr slíkum þver-evrópskum athugunum til að meta stöðu viðkomandi málefnis hérlandis.

Fjármálaeftirlitið skoðar þætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila sem kunna að falla undir ákvæði um viðskiptahætti þó að þau feli ekki í sér brot gegn sértækum ákvæðum laga eða reglna. Með nýlegri breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hefur verið skerpt á ákvæði um heimild Fjármálaeftirlitsins til þess að setja reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja sem auðveldar framkvæmd eftirlits á þessu sviði.

1.4 Innra starf

Síðustu ár hefur starfsemi Fjármálaeftirlitsins einkennst af stöðugum umbótum og þróun í samræmi við auknar kröfur og viðmið um bestu framkvæmd við eftirlit og var árið 2015 enginn undantekning þar á. Í kjölfar þátttöku í störfum evrópsku eftirlitsstofnananna og vinnu tengdri innleiðingu reglna ESB inn í íslenskan rétt hafa Fjármálaeftirlitinu verið falin ný verkefni og ábyrgð. Breyttar kröfur krefjast flóknara og ítarlegra eftirlits og greiningar á margvíslegum áhættum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila.

Til að takast á við aukin verkefni og álag hefur Fjármálaeftirlitið endurskoðað allt verklag, aukið skilvirkni við eftirlit og innleitt ný vinnubrögð við áætlanagerð og forgangsörðun verkefna. Einnig hafa miklar umbætur verið gerðar á verkefnaskráningu og samræmingu í eftirliti.

Mikil vinna hefur farið í að undirbúa og móta móttöku og úrvinnslu á nýjum gagnaskilum vegna innleiðingar á tilskipunum Solvency II og CRD IV á árinu. Þeirri vinnu miðar vel og vonir standa til að samræmd gagnaskil muni bæta gæði þeirra gagna sem eftirlitið safnar ásamt því að veita betri yfirsýn.

Skýrari stefnumótun og forgangsörðun verkefna hefur leitt til markvissara mats á hæfni og frammistöðu starfsmanna sem aftur endurspeglast í hnitmiðaðri fræðslu og þjálfun og gerir starfsmenn færari um að bregðast við síbreytilegum aðstæðum á fjármálamarkaði.

Óhætt er að fullyrða að framangreindar breytingar á starfsemi og starfsaðferðum Fjármálaeftirlitsins hafa leitt til faglegri vinnubragða og aukinna gæða í eftirliti. Þessi árangur hefur náðst án þess að Fjármálaeftirlitið hafi aukist að umfangi þegar horft er til fjölda ársverka og hefur sá stöðugleiki nú haldist í nokkur ár þrátt fyrir stóraukin verkefni. Árið 2015 voru greidd 117,3 ársverk samanborið við 117,5 árið 2014.

Samhliða stöðugleika í fjölda ársverka hefur Fjármálaeftirlitinu haldist vel á starfsmönnum en starfsmannavelta var tæp 10% á árinu líkt og undangengið ár. Einnig hefur gengið vel að fá hæft og vel menntað fólk til starfa. Þessi stöðugleiki í fjölda ársverka felur í sér þann ávinning að eftirlitsreynsla starfsmanna hefur aukist jafnt og þétt.

1.5 Rekstur og fjármál

Samkvæmt ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2015 námu rekstrargjöld samtals 1.915,6 m.kr. og höfðu aukist um 5,1% frá 1.822 m.kr. rekstrargjöldum ársins 2014. Í þeim samanburði er ekki meðtalin 135,2 m.kr. bakfærsla á árinu 2014 vegna innheimtu eftirlitsgjalda á fjármálafyrirtæki í slitameðferð sem afskrifuð höfðu verið til varúðar á árinu 2013. Launakostnaður er stærsti liðurinn í rekstrargjöldum og nam hann 1.547,6 m.kr. á árinu 2015 samanborið við 1.414,0 m.kr. árið á undan. Hækkun launakostnaðar nam 9,4% milli ára og endurspeglar samningsbundnar launahækkanir, en fjöldi stöðugilda var óbreyttur milli ára.

Heildarrekstartekjur Fjármálaeftirlitsins námu 1.745,9 m.kr. á árinu 2015. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 1.641,5 m.kr. á móti 1.590,0 m.kr. á árinu 2014, sem jafngildir 3,2% hækkun milli ára. Aðrar rekstartekjur námu samtals 104,4 m.kr., en þar af námu sértekjur vegna selds fæðis

7,2 m.kr., endurkrafinn kostnaður vegna tveggja úrskurðarnefnda sem vistaðar eru hjá stofnuninni 15,3 m.kr. og ýmsar aðrar tekjur vegna gjaldskrárskyldrar starfsemi 44,8 m.kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu samtals 29,9 m.kr.

Gjöld umfram tekjur á árinu 2015 voru því 169,7 m.kr. Samkvæmt rekstraráætlun ársins 2015 var gert ráð fyrir að ganga á eigið fé stofnunarinnar á árinu og færa það nær fjárhæð þess varasjóðs sem stofnuninni er heimilt að mynda, samkvæmt lögum nr. 99/1999.

Eigið fé Fjármálaeftirlitsins í árslok 2015 nam 405,5 m.kr. en var í ársbyrjun 575,3 m.kr. Þar af nam bundið eigið fé 92 m.kr. Eigið fé í lok árs að frádregnum varasjóði, sem nemur að hámarki 5% af eftirlitsgjaldi næsta árs, kemur til lækkunar á eftirlitsgjaldi næsta árs samkvæmt ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Varasjóður samkvæmt framangreindu var 85,5 m.kr. í árslok 2015.

Ársreikning fyrir árið 2015 er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Rekstraráætlun ársins 2016

Í skýrslu til fjármála- og efnahagsráðherra um rekstraráætlun ársins 2016, sem send var lögum samkvæmt í júní 2015, var áætlað að útgjöld stofnunarinnar næmu samtals 2.051,2 m.kr. árið 2016. Ennfremur var áætlað að tekjur stofnunarinnar næmu 1799,2 m.kr., en þar af var lagt til að álagt eftirlitsgjald næmi 1.710,6 m.kr., fjármagnstekjur 15 m.kr. og aðrar sértekjur 73,5 m.kr. Lagt var til að mismunur að fjárhæð 252,1 m.kr. yrði fjármagnaður með lækkun eigin fjár. Framangreind áætlun og tillaga um álagt eftirlitsgjald var staðfest með samþykkt fjárlaga fyrir árið 2016 á Alþingi í desember síðastliðnum.

Skipting ráðstöfunartíma

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu eftirlitsskyldir aðilar standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins með sérstöku eftirlitsgjaldi. Í rekstraráætlun stofnunarinnar þarf því hverju sinni að leggja mat á þróun starfseminnar með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila. Þetta mat er stutt upplýsingum úr tímaskráningarkerfi stofnunarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á helstu flokka eftirlitsskyldra aðila á árunum 2014 og 2015:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila	2014	2015
Lánastofnanir	54,6	61,4
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	11,1	12,3
Lífeyrissjóðir	15,3	12,3
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	5,0	4,8
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamíðlanir	2,5	2,8
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	5,5	4,7
Ýmsir aðilar	6,0	1,8
	100,0	100,0

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins sýnir einnig greiningu starfseminnar í tegundir verkefna eða viðfangsefni. Slík greining ráðstöfunartímans á árunum 2014 og 2015 er eftirfarandi:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli helstu verkefna	2014	2015
Eftirlitsverkefni	57,6	58,2
<i>reglubundið eftirlit (e. off-site)</i>	28,5	29,2
<i>vettvangsathuganir (e. on-site)</i>	8,2	9,0
<i>önnur eftirlitsmál</i>	20,8	20,0
Reglusetning	5,8	6,2
Almennur rekstur	31,3	28,9
Erlent samstarf/samskipti	5,3	6,6
	100,0	100,0

Með reglubundnu eftirliti í töflunni er átt við athuganir, vöktun og markaðsvakt m.a á grundvelli reglubundinnar upplýsingasöfnunar og gagnaskila til Fjármálaeftirlitsins. Ennfremur ýmsar sértækar athuganir á starfsemi, viðskiptaháttum og starfsreglum eftirlitsskyldra aðila. Með vettvangsathugunum er átt við athuganir á starfsstöðvum eftirlitsskyldra aðila. Með öðrum eftirlitsmálum er átt við skipulag eftirlits, ýmsar leyfisveitingar, hæfismöt, viðurlagamál, samskipti, upplýsingamiðlun og fleira. Með almennum rekstri er átt við vinnu við upplýsinga- og skjalastjórnunarkerfi stofnunarinnar, tölvu- og upplýsingatækni, stjórnun, starfsmannamál, fræðslumál og annað sem lýtur að reglubundnum rekstri og skrifstofuhaldi.



Erla Eyjólfsson

sérfræðingur í fjárhagslegu eftirliti og hlaupari

„Mig hafði lengi langað til að geta hlaupið úti en einhverra hluta vegna ekki komið mér af stað. Í janúar 2010 sá ég auglýsingu í Fjarðarpóstinum um að stofna ætti hlaupahóp hjá FH, ég mætti á fyrstu æfingu hópsins og fann að þetta sport hentaði mér vel. Ég hleyp þrisvar í viku og eyk svo við æfingafjöldann þegar ég er að undirbúa mig fyrir lengri hlaup. Ég hef tekið þátt í þremur maraþonum þ.e. í Köln, Amsterdam og Austurríki, einnig hljóp ég Laugavegshlaupið 2014 og stefni á að hlaupa það aftur nú í sumar. Hleyp úti allt árið um kring í öllum veðrum.“

2. Fjármálamarkaðurinn

2. Fjármálamarkaðurinn

2.1 Horfur á fjármálamarkaði

Þessi misserin er staðan á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum afar ólík. Á meðan mikill hagvöxtur og þensla á vinnumarkaði einkenna íslenska hagkerfið eru horfur víðast erlendis verri og tvísýnni en um langt skeið. Bæði Alþjóðdagjaldeyrissjóðurinn og OECD hafa hvatt helstu þjóðir heims til aðgerða til að stemma stigu við hættu á samdrætti í helstu hagkerfum og hafa jafnvel varað við að fjármálastöðugleika sé ógnað. Hægt hefur verulega á vexti kínverska hagkerfisins og bæði inn- og útflutningur til landsins dregist verulega saman. Lækkandi olíu- og hrávöruverð hefur grafið undan hagvexti í löndum sem byggja á útflutningi olíu og annarrar hrávöru.

Áhættan í fjármálakerfinu innanlands hefur minnkað töluvert á undanförunum misserum í kjölfar nauðasamninga þrotabúa gömlu bankanna. Áhrif hræringa erlendis hafa verið mjög takmörkuð á Íslandi enn sem komið er. Helst mætti nefna óróa á innlendum hlutabréfamarkaði á fyrri hluta ársins sem kom í kjölfar mikilla hræringa á erlendum hlutabréfamörkuðum. Jafnframt hækkaði áhættuálag íslensku bankanna töluvert á erlendum fjármálamörkuðum í kjölfar þess að verð á hlutabréfum og skuldabréfum erlendra banka lækkaði.

Hagvöxtur hefur verið mikill undanfarið, var um 4,0% á árinu 2015, og er landsframleiðslan nú 5% hærrí en árið 2008 að raunvirði. Hagvöxturinn hefur verið knúinn áfram af neyslu og fjárfestingu. Útflutningsvöxtur hefur einnig verið töluverður. Hann stafar að miklu leyti af aukningu í komu ferðamanna til landsins og batnandi viðskiptakjörum. Verðbólga hefur jafnframt verið lág þrátt fyrir miklar launahækkunar á árinu 2015, en verðhjöðnun á alþjóðlegum hrávörumörkuðum og styrking krónunnar hefur vegið á móti innlendum verðbólguþrýstingi. Sú verðhjöðnun sem orðið hefur á hrávöru á erlendum mörkuðum og styrking krónunnar hefur veitt peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands svigrúm til að halda stýrivöxtum óbreyttum frá því í nóvember 2015 en talið er líklegt að auka þurfi aðhald peningastefnunnar á næstu misserum. Hversu mikið og hve hratt ræðst af framvindunni bæði innanlands sem og erlendis.

Þrátt fyrir jákvæðar horfur varðandi marga helstu mælikvarða eru blikur á lofti í íslensku efnahagslífi. Aukin spennan í þjóðarbúskapnum eykur til lengdar hættu á fjármálalegu ójafnvægi. Innstreymi erlends fjármagns er hafið að nýju og þarf að fylgjast náið með fjármagnsinnstreymi vegna vaxtamunarviðskipta og hvort innstreymi fjármagns sé að ýta undir aukna skuldsetningu innlendra aðila þar sem snöggt útflæði fjármagns getur ógnað fjármálastöðugleika. Fasteignaverð hefur hækkað mikið á síðustu árum. Þó ekki séu augljós merki um bóllumyndun, enn sem komið er, þurfa eftirlitsaðilar að fylgjast vel með þróuninni. Skuldir heimila héldu áfram að dragast saman að raunvirði árið 2015 en skuldir fyrirtækja jukust lítillega umfram hagvöxt. Hækkun húsnæðisverðs ásamt lækkun skulda hefur leitt til lægri veðsetningarhlutfalla heimila. Jafnframt hefur eiginfjárstaða fyrirtækja batnað. Víst er að eftirlitsaðilar eru betur í stakk búnir að takast á við eignabólur og óhóflega skuldsetningu heimila og fyrirtækja en áður vegna betra regluverks á fjármálamarkaði og innleiðingar þjóðhagsvarúðartækja til verndunar fjármálastöðugleika.

2.2 Verðbréfamarkaður


Íslenskur hlutabréfamarkaður var líflægur á árinu 2015. Þrjú félög bættust við á aðallista Kauphallarinnar og velta með hlutabréf jókst um 41,7% milli ára. Velta með skuldabréf tók nokkuð við sér á árinu 2015 og snerist þar með við sú þróun sem verið hefur síðustu ár.

Þróun á hlutabréfamarkaði

Það hækkunarferli á íslenskum hlutabréfamarkaði sem hófst á þriðja ársfjórðungi 2014 hélt áfram á árinu 2015. Fasteignafélögin Reitir og Eik ásamt fjarskiptafélaginu Símanum hf. voru tekin til viðskipta í Kauphöllinni á árinu og eru íslensku félögin á aðallista Kauphallarinnar nú orðin sextán talsins. Velta með hlutabréf hélt áfram að aukast og nam samtals tæpum 392 milljörðum króna. Er það 115 milljörðum króna meiri velta en árið áður, eða sem nemur 41,7% aukningu.

Íslensk hlutabréf reyndust fjárfestum afar hagstæð á árinu 2015 og hækkaði gengi allra hlutafélaga sem eru skráð á aðallista Kauphallarinnar. Hlutabréfavísitalan OMXIGI, sem mælir vegna meðaltalsávöxtun allra skráðra hlutafélaga á aðalmarkaði að teknu tilliti til arðgreiðslna, hækkaði um 42,3% á árinu sem leið á sama tíma og erlendir markaðir áttu fremur erfitt uppdráttar. Árið 2016 hefur farið heldur verr af stað og lækkaði gengi hlutabréfa nokkuð skarpt í byrjun árs samhliða slæmum tíðindum af erlendum mörkuðum. Markaðurinn rétti sig þó af og nemur lækkunin fyrstu fimm mánuði ársins rúmu 1% en hafði lækkað um 7,45% þegar mest lét.


Mynd 1 Þróun hlutabréfavísitölunnar Nasdaq OMXIGI



Heimild: Nasdaq Iceland hf.

Samhliða hækkun gengis og auknum fjölda skráðra félaga á markaði hækkaði samanlagt markaðsvirði félaga á aðallista Kauphallarinnar um ríflega 367 milljarða króna á síðasta ári og var heildarmarkaðsvirði þeirra um 1.028 milljarðar í lok árs 2015. Heildarvirði innlendra hlutabréfa sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur því hækkað og stendur nú í um 47% samanborið við 33% árið áður, en einnig má benda á að VLF hefur aukist á sama tíma. Þrátt fyrir þessa þróun er hlutfallið enn nokkuð lægra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.

Mynd 2 Heildarvirði skráðra hlutabréfa sem hlutfall af VLF



*Áætluð stærð 2015


Heimild: Hagstofur Norðurlandanna, Nasdaq Iceland, Oslo Börs

Þróun á skuldabréfamarkaði

Ólíkt þróun síðustu ára jókst ársvelta með skuldabréf á árinu 2015 en þetta mun vera í fyrsta sinn síðan 2011 sem velta með skuldabréf eykst milli ára. Nemur veltuaukningin um 463 milljörðum króna eða 30,2%. Mest var aukningin í veltu óverðtryggðra og verðtryggðra ríkisskuldabréfa ásamt skuldabréfum útgefnum af bönkum. Skýrist sú síðastnefnda að miklu leyti af aukinni veltu með sértryggð skuldabréf bankanna sem tók verulega við sér á fjórða ársfjórðungi 2015. Á sama tíma hefur velta með íbúðabréf Íbúðalánasjóðs dregist nokkuð saman.


Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa þróaðist með áhugaverðum hætti á árinu sem leið. Greina mátti svipaða þróun á styttri og lengri enda vaxtaferilsins á fyrri hluta ársins þegar ávöxtunarkrafa flestra bréfa hækkaði nokkuð. Á síðari hluta árs tók ávöxtunarkrafa á lengri enda vaxtaferilsins hins vegar að lækka á meðan ávöxtunarkrafa á styttri enda ferilsins stóð að mestu leyti í stað. Í lok árs var ávöxtunarkrafa samkvæmt skuldabréfavísitölum Nasdaq Iceland, OMXI1YNI, OMXI5YNI og OMXI10YNI, á bilinu 5,62% - 5,83%. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa mæld samkvæmt OMXI5YI og OMXI10YI lækkaði um 54 og 57 punkta og stóðu báðar í 2,64% fyrir báða nefnda skuldabréfaflokka í lok árs 2015. Athygli vakti að lækkun ávöxtunarkröfu kom þvert á lækkun stýrivaxta Seðlabankans sem hækkuðu úr 4,50% í 5,75% á árinu. Að hluta til kann þróunin að skýrast af aukinni eftirspurn en gæta mátti aukins áhuga erlendra aðila á innlendum skuldabréfum í kjölfar kynningar stjórnvalda á aðgerðaáætlun um losun fjármagnshafta sem fram fór í júní 2015.

Mynd 3 Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra skuldabréfavísitalna Nasdaq Iceland



Heimild: Nasdaq Iceland hf. og Seðlabanki Íslands

Mynd 4 Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfavísitalna Nasdaq Iceland



Heimild: Nasdaq Iceland hf.

Heildarverðmæti skráðra skuldabréfa í Kauphöllinni nam um 2.119 milljörðum króna í árslok 2015 samanborið við 2.008 milljarða króna í árslok 2014. Markaðsverðmæti útgefinna skuldabréfa og víxla í árslok 2015 skiptist þannig að 73,7% voru útgefin af opinberum aðilum á meðan 26,3% voru útgefin af einkaaðilum. Árið 2014 voru þessi sömu hlutföll 76,6% og 23,4% og hefur því vægi bréfa útgefinna af einkaaðilum aukist lítillega milli ára.


2.3 Lánamarkaður

Í árslok 2015 voru starfandi fjórir viðskiptabankar, fjórir sparisjóðir og fimm lánafyrirtæki auk Íbúðalánasjóðs, eða samtals 14 lánastofnanir. Heildareignir þeirra í árslok 2015 námu samtals 4.247 milljörðum króna og þar af voru heildareignir viðskiptabankanna samtals 3.237 milljarðar króna og hafa þær hækkað um 8% frá fyrra ári³. Eignarhald ríkissjóðs og opinberra aðila er ríkjandi á lánamarkaði en hlutdeild þeirra í eigin fé allra lánastofnana í árslok 2015 nam 73%. Óvissa er um framtíðar eignarhald og fyrirkomulag á fyrirtækjum á lánamarkaði og er mikilvægt að vandað sé til verka við sölu lánastofnana í eigu ríkissjóðs.

Uppbygging efnahagsreiknings

Hlutfall heildareigna lánastofnana af vergri landsframleiðslu hefur farið lækkandi undanfarin ár frá því að vera 277% miðað við árslok 2009 í 193% miðað við árslok 2015. Skýringin er einkum sú að verg landsframleiðsla hefur hækkað hlutfallslega meira en heildareignir lánastofnana, en þær eru nánast þær sömu og þær voru í árslok 2009.


Mynd 1 Hlutfallsleg skipting heildareigna lánastofnana á samstæðugrunni m.v. 31. desember 2015



Eiginfjárstaða

Í árslok 2015 nam eiginfjárgrunnur stóru viðskiptabankanna þriggja samtals 670 milljörðum króna, samanborið við 639 milljarða króna í árslok 2014 og hefur hann því hækkað um 4,9% á milli ára. Eiginfjárhlutfall þeirra í árslok 2015 var að meðaltali 28,2%, samanborið við 28,5% í árslok 2014. Eiginfjárgrunnurinn er að mestu leyti samsettur af eiginfjárþætti A, eða um 97% af heild.

Mynd 2 Þróun eiginfjárlutfalls



Á mynd 2 má sjá samanburð á hlutfalli eiginfjárbáttar A (e. Tier 1) af áhættugrunni milli annars vegar stóru íslensku viðskiptabankanna og hins vegar úrtaks banka innan Evrópusambandsins sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (e. European Banking Authority) tekur saman ársfjórðungslega. Vegið hlutfall eiginfjárbáttar A hjá stóru viðskiptabönkunum var að meðaltali 26,2% í árslok 2015 samanborið við 14,2% hjá evrópsku bönkunum á þriðja ársfjórðungi 2015 (alls 194 bankar). Samanburðurinn sýnir að eiginfjárstaða íslensku bankanna er sterk en vert er að benda á að með auknum alþjóðlegum eiginfjárkröfum hafa eiginfjárlutföll farið hækkandi undanfarin ár.

Rekstrarafkoma

Hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja eftir skatta nam tæpum 106 milljörðum króna árið 2015, samanborið við rúman 81 milljarð króna árið 2014 og er það um 31% hækkun á milli ára. Þessi hækkun er að mestu leyti tilkomin vegna tekna utan grunnrekstrar⁴ bankanna. Arðsemi eigna (e. ROA) eftir skatta nam 3,4% samanborðið við 2,6 árið 2014 en arðsemi eiginfjár (e. ROE) eftir skatta jókst frá fyrra ári og nam 16,6% árið 2015, samanborið við 14% árið 2014. Arðsemi grunnrekstrar fyrir skatta jókst einnig milli ára og nam 8,1% árið 2015, samanborið við 7,2% árið 2014. Hreinar vaxtatekjur bankanna jukust um tæpa 7 milljarða króna og hreinar þóknatekjur um 4 milljarða króna. Vaxtamunur nam 2,9% árið 2015, samanborðið við 2,7% árið 2014. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum nam 42,5% árið 2015, samanborið við 54,6% árið 2014. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,6% og stóð í stað milli ára.

Fjármögnun og laust fé

Í árslok 2015 byggði fjármögnun bankanna að langstærstum hluta á innlánnum frá viðskiptavinum (51%), lántökum (20%) og eigin fé (21%). Innlán stóru viðskiptabankanna þriggja frá viðskiptavinum námu alls um 1.652 milljörðum króna í árslok 2015. Fjármögnun bankanna breyttist á árinu 2015 í tengslum við uppgjör búa fjármálafyrirtækja í slitameðferð í samræmi við nauðasamninga þeirra.

4 Tekjur grunnrekstrar: Hreinar vaxtatekjur, hreinar þjónustu- og þóknatekjur. Kostnaður grunnrekstrar: Laun og launatengd gjöld, stjórnunarkostnaður og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Sem dæmi má nefna að lengt var í gjaldeyriskröfum á bankana og þá minnkuðu innlán í eigu fjármálafyrirtækja í slitameðferð um 237 milljarða króna á tímabilinu desember 2015 til mars 2016 en innlán þeirra voru flokkuð sem innlán frá viðskiptavinum.

Allir bankarnir þrír eru að hluta til fjármagnaðir með erlendri lántöku í ýmsum myntum. Hafa bankarnir dregið verulega úr endurfjármögnunaráhættu sem því fylgir en í árslok 2015 voru samtals 9 milljarðar króna á gjalddaga á árinu 2016. Til samanburðar voru samtals 55 milljarðar króna á gjalddaga á árinu 2016 m.v. árslok 2014. Þannig tókst bönkunum að greiða upp og endurfjármagna samtals 46 milljarða króna á síðasta ári sem eru á gjalddaga árið 2016. Endurfjármögnunin hefur jákvæð áhrif á hlutfall stöðugar fjármögnunar, en reglur Seðlabanka Íslands tiltaka að hlutfall stöðugar fjármögnunar í erlendri mynt sé yfir 100% og voru hlutföll þeirra í árslok 2015 að meðaltali 115%.

Mikil ólga og óvissa var hins vegar á erlendum lánamörkuðum í árslok 2015 og ársbyrjun 2016 sem leiddi meðal annars til hækkandi áhættuálags á fjármögnun banka og er óvíst hver áhrif þess kunni að hafa á framtíðar fjármögnun bankanna á erlendum mörkuðum.

Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa allir verið fyrir ofan lágmarkshlutfall samkvæmt lausafjárreglum Seðlabanka Íslands. Samkvæmt reglunum var lágmarkshlutfall lausafjár 80% árið 2015 og voru hlutföll lausafjár bankanna í árslok 2015 að meðaltali 124%. Samkvæmt sömu reglum er lágmarkshlutfall lausafjár í erlendum gjaldmiðlum 100%. Bankarnir voru allir með há lausafjárhlutföll í erlendum gjaldmiðlum í árslok 2015 og voru hlutföllin að meðaltali 326%.

Þrátt fyrir að verulegri óvissu hafi verið eytt með samþykkt nauðasamninga fjármálafyrirtækja í slitameðferð og samkomulagi þeirra við stjórnvöld um greiðslu stöðugleikaframlags þá kann að reyna á lausafjárstöðu bankanna við áframhaldandi aðgerðir við losun fjármagnshafta.


Útlánaáhætta og eignagæði

Útlán stóru viðskiptabankanna þriggja til viðskiptavina námu 2.179 milljörðum króna í árslok 2015, en það er 7,7% aukning frá árslokum 2014 þegar útlánin námu 2.023 milljörðum króna. Allt frá hrúni árið 2008 hafa gæði lánasafna stóru viðskiptabankanna verið að batna. Bankarnir eru að langmestu leyti búnir að endurskipuleggja fjárhag þeirra fyrirtækja sem þurftu á því að halda og þau fyrirtæki og einstaklingar sem náðu að standa af sér hrúnið hafa styrkt eiginfjárstöðu sína verulega.

Hækkandi eignaverð og niðurfærsla skulda styrkir auk þess eiginfjárstöðu lánþega í landinu og hefur skuldastaða heimila og fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu því farið minnkandi. Þá hefur hlutfall útlána í vanefndum og frystingu farið lækkandi frá haustinu 2008 eftir að fjárhagur illra staddra lánþega hefur verið endurskipulagður. Hlutfall útlána stóru viðskiptabankanna í vanefnd eða frystingu m.v. bókfært virði og lánþegaaðferð (e. cross default) hefur lækkað úr 44% í mars 2010 í 7,1% miðað við desember 2015.

Fróðlegt er að bera saman hvernig Íslandi hefur gengið að vinna úr fjármálaáfallinu frá 2008 og hvernig Tælandi og Indónesíu gekk að vinna úr Asíukreppunni sem skall á árið 1997. Miðað er við kröfuvirði útlána í vanskilum út frá útlánaaðferð (e. facility approach) stóru viðskiptabankanna þriggja auk Íbúðalánasjóðs.

Mynd 3 Samanburður á þróun vanskila á Íslandi og Indónesíu og Tælandi eftir fjármálakreppur



Eins og sjá má á mynd 3 er vanskilapróunin mjög sambærileg á Íslandi og í Tælandi og Indónesíu. Á allra síðustu misserum hefur hægt á lækkunarhraða á hlutfalli lána í vanefnd og frystingu á Íslandi og miðað við reynsluna í Tælandi og Indónesíu þá gæti það tekið nokkur ár í viðbót fyrir vanskil bankanna hér á landi að ná lægsta punkti.

Íbúðalánasjóður

Heildareignir Íbúðalánasjóðs í árslok 2015 námu 805 milljörðum króna, samanborið við 824 milljarða króna í árslok 2014. Hagnaður ársins 2015 var 1,8 milljarður króna, samanborið við 3,2 milljarða króna árið 2014. Eiginfjárlutfall sjóðsins var í árslok 2015 5,5% samanborið við 4,5% í árslok 2014, en skv. 7. gr. reglugerðar nr. 544/2004, um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, skal sjóðurinn hafa sem langtímamarkmið að halda eiginfjárlutfallinu yfir 5%. Sjóðurinn býr áfram við töluverða uppgreiðsluáhættu í núverandi vaxtaumhverfi, en vextir á íbúðalánum hafa farið lækkandi vegna aukinnar samkeppni á íbúðalánamarkaðnum. Sjóðurinn keypti á árinu 2015 og á fyrsta ársfjórðungi 2016 samningsbundin sértryggð skuldabréf útgefin af Arion banka hf. fyrir samtals 83,5 milljarða króna til þess að vinna á móti verðtryggingaráhættu og fá hærri ávöxtun á eignum sjóðsins. Vaxtamunur sjóðsins nemur um 0,28% sem nægir ekki til að standa undir áhrifum af uppgreiðsluáhættu, eðlilegri virðisyrnun og rekstrarkostnaði og því þarf ríkissjóður líklega áfram að styðja við rekstur sjóðsins.

Sparisjóðirnir

Sparisjóðakerfið hefur minnkað hratt á síðastliðnum árum. Sparisjóðunum fækkaði úr sjö í fjóra á árinu 2015 þegar AFL sparisjóður sameinaðist Arion banka hf. og Sparisjóður Norðurlands og Sparisjóður Vestmannaeyja sameinuðust Landsbankanum hf. Eignir sparisjóðanna þriggja námu samtals um 67% af heildareignum sparisjóðanna í árslok 2014. Þeir sparisjóðir sem eru enn starfandi í árslok 2015 eru Sparisjóður Austurlands, Sparisjóður Höfðhverfinga, Sparisjóða Suðurþingeyinga og Sparsjóður Strandamanna. Heildareignir þeirra nema nú um 0,5% af heildareignum lánastofnana.

Samantekt

Eiginfjárstaða stóru viðskiptabankanna þriggja er góð og töluvert umfram það sem þekkist alþjóðlega. Þrátt fyrir að verulegri óvissu hafi verið eytt með samþykkt nauðasamninga fjármálaafyrirtækja í slitameðferð og samkomulags þeirra við stjórnvöld um greiðslu stöðugleikaframlags er enn óvissa til staðar í tengslum við áframhaldandi losun fjármagnshafta. Því er mikilvægt að bankarnir viðhaldi háum eiginfjárlutföllum vegna óvissunnar og einnig skiptir miklu að fyrstu ákvarðanir um eiginfjárauka fyrir fjármálaafyrirtæki hafa verið teknar. Þá þurfa bankarnir að viðhalda lausafjárlutföllum umfram lágmarkskröfur eftirlitsaðila.

Bankarnir bættu grunnrekstur sinn á milli ára með auknum hreinum vaxtatekjum og minni rekstrarkostnaði en einskiptisliðir voru áfram fyrirferðarmiklir í hagnaði bankanna. Hagræðing í rekstri bankanna skilaði sér í lækkun á rekstrarkostnaði milli ára en þó er ljóst að þeir þurfa að styrkja grunnrekstur sinn enn frekar.

Eignarhald ríkisins og opinberra aðila er ríkjandi á lánamarkaði en hlutdeild þeirra í eigin fé allra lánastofnana í árslok 2015 nam 73%. Óvissa er um framtíðar eignarhald og fyrirkomulag á lánamarkaði. Mikilvægt er því að vandað sé til verka við sölu og endurskipulagningu lánastofnana í eigu ríkissjóðs. Þá þarf ríkissjóður líklega að styðja áfram við rekstur Íbúðalánasjóðs.

2.4 Vátryggingamarkaður


Í árslok 2015 höfðu 12 vátryggingafélög starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu, þar af fjögur félög á skaðatryggingamarkaði og fimm félög á líftryggingamarkaði. Að auki eru Íslensk endurtrygging hf. og Trygging hf. endurtryggingafélög sem eingöngu gera upp eldri skuldbindingar og þá má loks nefna Viðlagatryggingu Íslands sem starfar samkvæmt sérlögum. Öll líftryggingafélögin eru dótturfélög skaðatryggingafélaga, nema Okkar líftryggingar hf. sem er dótturfélag Arion banka hf.

Hlutabréf þriggja stærstu vátryggingafélaganna eru skráð í kauphöll. Við skráningu félaganna á markað dreifðist eignarhald þeirra en heildareign 10 stærstu hluthafanna var á bilinu 50 til 70%. Í árslok 2015 var fjöldi hluthafa í þessum félögum á bilinu 950 til 1650 og hafði þeim fækkað frá upphafi skráningar. Stærstu hluthafar framangreindra féлага eru lífeyrissjóðir, fjárfestingasjóðir og fjárfestingafélög. Í árslok 2015 áttu lífeyrissjóðirnir um 43-46% heildarhlutafé vátryggingafélaganna með beinum hætti. Í október 2015 samdi Arion banki hf. við BankNordik P/f um kaup á Verði tryggingum hf. Kaupin eru háð samþykki viðkomandi yfirvalda.

Ekki tókst að innleiða Solvency II tilskipun ESB í íslensk lög fyrir árslok 2015 eins og gert hafði verið ráð fyrir samhliða gildistöku hennar í flestum öðrum ríkjum EES. Vonir standa til að frumvarp vegna innleiðingar á tilskipuninni verði samþykkt á yfirstandandi þingi. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að innleiða tilskipunina fyrir áætlaðan tíma mæltist Fjármálaeftirlitið til þess að vátryggingafélögin tækju mið af ákvæðum hennar í starfsemi sinni, enda starfa þau í alþjóðlegu umhverfi. Þess ber að geta að Fjármálaeftirlitið hefur frá gildistöku undirbúningstilmæla EIOPA frá 1. janúar 2014 hvatt vátryggingafélögin til að starfa eins og mögulegt er með hliðsjón af tilskipuninni. Fjármálaeftirlitið mun á árinu 2016 fylgja eftir innleiðingunni með almennum kynningarfundum, vettvangskonnum og fundum með eftirlitsskyldum aðilum, auk þess sem almenn eftirlitsstörf munu taka mið af innleiðingarvinnunni.


Samanlagðar eignir allra vátryggingafélaga hér á landi í lok árs 2015 námu um 165 milljörðum kr. og lækkuðu um tæpan 1 milljarð króna frá fyrra ári. Mynd 1 sýnir þróun í eignum og eignasamsetningu vátryggingafélaga á árunum 2012-2015. Ýmsar breytingar hafa orðið á samsetningu eigna vátryggingafélaga. Hlutdeild hlutabréfa heldur áfram að vaxa eins og búast mátti við og er hún 23% í árslok 2015. Hlutdeild skuldabréfa minnkar nokkuð og var hún 43% í árslok 2015 en var allt að 50% í lok ársins 2014. Þá má nefna að óefnislegar eignir eru hverfandi í árslok 2015 eftir miklar afskriftir á þessum lið á árinu.

Mynd 1 Eignir og eignasamsetning váttryggingafélaga 2012-2015



Á mynd 2 má sjá samsetningu skuldahliðar efnahagsreiknings skaða- og líftryggingafélaga á tímabilinu 2014 - 2015. Eiginfjárstaðan hefur batnað jafnt og þétt á síðustu misserum, en stendur í stað milli tveggja síðustu áranna. Váttryggingaskuldin hefur lækkað um tæplega 5 milljarða króna milli síðustu tveggja ára eftir að hafa staðið nokkurn vegin í stað framan af tímabilinu. Þessi lækkun skýrist að mestu leyti af breytingum á aðferðum við mat á váttryggingaskuld. Á árinu 2015 breyttu bæði Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Váttryggingafélag Íslands hf. um aðferð við mat á váttryggingaskuld en Tryggingamiðstöðin hf. hafði hins vegar breytt aðferðafræðinni ári fyrir.

Mynd 2 Skuldir og eigið fé váttryggingafélaga 2012-2015




Gjaldþolshlutfall samkvæmt Solvency II tilskipuninni fyrir þrjú stærstu váttryggingafélögin var á bilinu 124% til 156% á samstæðugrundvelli um síðustu áramót. Á árinu 2016 greiddu nokkur váttryggingafélög út arð og námu heildararðgreiðslur samtals tæpum 11 milljörðum króna.

Rekstur skaðatryggingafélaga

Afkoma skaðatryggingafélaganna var betri á árinu 2015 en árið á undan en hún ræðst annarsvegar af váttryggingarekstri og hins vegar af ávöxtun fjárfestingareigna. Afkoman af þessum tveimur meginstöðum var nokkuð misjöfn eftir félögum á árinu 2015, en árið var nokkuð tjónþungt og stórtjón höfðu mjög neikvæð áhrif á váttryggingareksturinn en sum félögin skiluðu tapi af honum. Aftur á móti var ávöxtun af fjárfestingareignum með besta móti hjá öllum félögum. Á mynd 3 sést þróun og sundurliðun hagnaðar á árunum 2012 til 2015.


Mynd 3 Þróun afkomu skaðatryggingafélaga 2012-2015



Rekstur líftryggingafélaga

Almennt hefur stöðugleiki einkennt rekstur líftryggingafélaga öfugt við rekstur skaðatryggingafélaganna. Afkoman hefur batnað nokkuð á síðustu árum, eins og sjá má á mynd 4. Hagnaður af líftryggingarekstri hefur aukist lítillega á tímabilinu 2012-2015 á meðan hagnaður af fjármála-
starfsemi hefur sveiflast nokkuð milli ára.

Mynd 4 Þróun afkomu líftryggingafélaga 2012-2015



Leiðbeinandi tilmæli um ársreikninga váttryggingafélaga

Fjármálaeftirlitið vinnur um þessar mundir að gerð leiðbeinandi tilmæla um ársreikninga váttryggingafélaga. Fjármálaeftirlitið telur vera þörf fyrir útgáfu leiðbeininga af þessu tagi, en nýlega voru reglugerð um ársreikninga og samstæðureikninga líftryggingafélaga nr. 612/1996 og reglugerð um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga nr. 613/1996 felldar úr gildi. Öllum váttryggingafélögum er skylt að semja ársreikninga sína í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, skv. 1. mgr. 56. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga og munu tilmælin taka mið af því. Við gerð tilmælanna hefur verið lögð áhersla á að lesendum ársreikninga verði gert auðveldara að átta sig á og bera saman lykilstærðir í rekstri og efnahag váttryggingafélaga. Þá hefur verið lagt upp með að auka samræmi og gagnsæi í framsetningu og mati á lykilupplýsingum. Gert er ráð fyrir að drög að tilmælunum fari í umsagnarferli síðar á þessu ári.


2.5 Lífeyrissjóðir

Í árslok 2015 voru 26 lífeyrissjóðir starfandi sem veittu lífeyrissparnaði móttöku í 30 samtryggingadeildum. Fjórtán lífeyrissjóðir auk sjö annarra vörsluaðila buðu upp á séreignarlífeyrissparnað. Hjá þessum aðilum er hægt að velja á milli 74 ávöxtunarleiða fyrir séreignarsparnað.

Heildareignir íslenskra lífeyrissjóða námu 3.266 milljörðum króna í árslok 2015, sem er aukning um 349 milljarða króna frá fyrra ári eða 12%. Þorri eigna lífeyrissjóða tilheyrir samtryggingadeildum þeirra, sem námu í árslok 2.944 milljörðum króna og höfðu aukist um 309 milljarða króna frá fyrra ári. Séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða jókst um 40 milljarða króna á árinu og nam 322 milljörðum króna í árslok. Séreignarsparnaður í umsjá annarra innlendra vörsluaðila nam

153 milljörðum króna í árslok 2015 og jókst um 17 milljarða króna frá fyrra ári. Þá er ótalinn lífeyrissparnaður landsmanna, sem vistaður er hjá erlendum aðilum í formi séreignarsparnaðar og söfnunarlíftrygginga og talinn er nema 27 til 28 milljörðum króna.

Mynd 1 Súlurit með eignum eftir gerð sparnaðar og vörsluaðila.




Eignir lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar nema nú jafngildi um 155% af vergri landsframleiðslu (VLF) miðað við bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands. Þetta hlutfall er meðal þess hæsta sem gerist meðal vestrænna þjóða og er hækkun um tvö prósentustig frá fyrra ári.

Afkoma lífeyrissjóðanna á árinu 2015 var mjög góð. Samkvæmt bráðabirgðatölum má áætla að raunávöxtun heildareigna þeirra hafi verið í kringum 8%.

Iðgjöld til samtryggingadeilda lífeyrissjóða námu um 35 milljörðum króna umfram lífeyri, sem sjóðirnir greiddu út á síðasta ári. Undanfarin ár hafa lífeyrisgreiðslur samtryggingadeilda vaxið hraðar en iðgjöld til sjóðanna. Lífeyrisgreiðslur hafa aukist um 11-12% á ári síðustu ár og þær munu halda áfram að vaxa umfram iðgjöld næstu árin. Að öllu óbreyttu má gera ráð fyrir að iðgjöld til lífeyriskerfisins í heild sinni verði hærri en útgreiðslur þeirra næstu tvo áratugin. Á meðan það ástand varir standa sjóðirnir frammi fyrir því að finna fjármunum sínum farveg í nýjum fjárfestingum.


Mynd 2 Súrlit með innborgunum og útborgunum lífeyrissjóða 1997-2015.



Undanfarin ár hefur hlutdeild hlutabréfa í eignasafni lífeyrissjóða aukist samhliða nýskráningum hlutafélaga á hlutabréfamarkað og lífeyrissjóðir eru nú orðnir eigendur u.þ.b. helmings hlutafjár í skráðum hlutafélögum. Sjóðirnir fóru ekki varhluta af miklum hækkunum á innlendum hlutabréfamarkaði. Samtals jókst bein og óbein eign lífeyrissjóða í skráðum innlendum og erlendum hlutafélögum um meira en 240 milljarða á árinu 2015, sem er um 70% af eignaukningu ársins.

Eign lífeyrissjóða í hlutabréfum nemur nú í fyrsta skipti meira en eign þeirra í ríkistryggðum skuldabréfum og víxlum, sem verið hafa stærsti einstaki eignaflokkur lífeyrissjóða fram til þessa. Ríflega þriðjungur eigna þeirra er nú bundinn í skráðum og óskráðum hlutabréfum og tæpur þriðjungur í ríkistryggðum skuldabréfum og víxlum. Undanfarin ár hafa lífeyrissjóðir aukið hlutdeild sína í skuldabréfum og víxlum sem gefin eru út af lánastofnunum og fyrirtækjum. Á seinni hluta síðasta árs sóttu lífeyrissjóðir í sig veðrið sem lánveitendur á fasteignamarkaði. Það vó upp á móti ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á fasteignalán en í heildina lækkaði hlutdeild fasteignatryggðra skuldabréfa lítillega. Hlutdeild annarra eignaflokka hefur breyst lítið frá fyrra ári.

Mynd 3 Eignasamsetning lífeyrissjóða frá 2005-2015.



Fjármagnshöftin hafa takmarkað nýfjárfestingar lífeyrissjóðanna erlendis frá bankahruni en á síðasta ári veitti Seðlabanki Íslands lífeyrissjóðum sérstaka heimild til að fjárfesta fyrir 10 milljarða króna erlendis. Hlutfall erlendra eigna af heildareignum lífeyrissjóða hefur haldist jafnt undanfarin ár og var það 24% í lok ársins 2015.


Þátttaka í evrópsku álagsprófi

Fjármálaeftirlitið og íslenskir lífeyrissjóðir tóku þátt álagsprófi Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsins (European Insurance and Occupational Pensions Authority, EIOPA) á árinu. Þetta var í fyrsta skipti sem EIOPA stóð fyrir samræmdu álagsprófi á lífeyrismarkaði en stofnunin hefur áður gert álagspróf á váttryggingamarkaði. Í prófinu var leitast við að meta áhrif þriggja sviðsmynda á ávöxtun og lífeyrishlutfall í samtryggingadeildum sjóðanna; þ.e. snörpu falli eignaverðs, lágum vöxtum til langs tíma og auknu langlífi.

Flestum eru í fersku minni snarpar verðlækkanir á hlutabréfamörkuðum í gegnum tíðina og ljóst að lífeyrissjóðir verða að taka tillit til flökts á fjármálamörkuðum í áhættustýringu sinni. Íslenskir samtryggingalífeyrissjóðir eru flestir samansettir af sjóðfélögum á breiðu aldursbili í sömu lífeyrisdeild. Af þeim ástæðum kemur snörp eignaverðslækkun harkalegar niður á elstu sjóðfélögum í íslenskum lífeyrissjóðum. Í þessum samanburði kom fram í fyrrnefndu álagsprófi að erlendir lífeyrissjóðir leitast við að draga úr vægi áhættusamari eigna þegar nær dregur töku lífeyris.

Lágir vextir víða um Evrópu hafa opnað augu margra fyrir áskorunum, sem lífeyrissjóðir standa frammi fyrir, ef það ástand varir um langt skeið. Líkt og í öðrum löndum væru ungir sjóðfélagar lífeyrissjóða hér á landi viðkvæmastir fyrir því ef vaxtastig lækkaði og héldist þannig um langt skeið. Skuldbindingar lífeyrissjóða á Íslandi eru metnar miðað við 3,5% raunvexti. Undanfarin 20 ár hefur raunávöxtun þeirra verið 4,1% að jafnaði. Sé horft til skemmri tíma hefur raunávöxtun þeirra sveiflast. Síðastliðin 10 ár hefur hún verið 1,8% að jafnaði og 6,2% undanfarin fimm ár.

Mynd 4 Súlurit fyrir árlega ávöxtun lífeyrissjóða.



Lífslíkur

Lífslíkur í heiminum hafa aukist hröðum skrefum síðustu áratuginna, sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóða. Í nágrannalöndum okkar er víðast hvar farið að taka spár um auknar lífslíkur með í mat á skuldbindingum lífeyrissjóða. Um nokkurt skeið hefur Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga undirbúið breytingar á framkvæmd tryggingafræðilegrar athugunar hjá íslenskum lífeyrissjóðum.

Mynd 5 Vænt meðalævi við fæðingu, við 65 ára aldur og 67 ára aldur 1970-2015.

Ár	Vænt ævilengd við fæðingu		Vænt ævilengd við 65 ára aldur		Vænt ævilengd við 67 ára aldur	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
1981-1985	73,9	79,8	15,3	18,4	14,0	16,9
1986-1990	74,9	79,9	15,7	18,9	14,4	17,3
1991-1995	76,1	80,5	16,1	19,1	14,6	17,4
1996-2000	76,9	81,2	16,5	19,3	15,0	17,7
2001-2005	78,6	82,5	17,5	20,3	15,9	18,7
2006-2010	79,4	83,0	18,0	20,4	16,4	18,8
2011-2015	80,6	83,5	18,9	20,9	17,3	19,3
2015*	88,4	90,5	20,1	22,1	18,3	20,3

Breytingar á væntri ævilengd karla og kvenna og spá miðað við nýjar lífslíkutöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Heimild: Hagstofa Íslands og FÍT.

Fjármálaeftirlitið fól tryggingastærðfræðingum íslenskra lífeyrissjóða að reikna áhrif aukinna lífslíkna á skuldbindingar lífeyrissjóða. Samkvæmt bráðabirgðaútreikningum þeirra munu nýjar lífslíkutöflur auka áfallnar skuldbindingar opinberra lífeyrissjóða um 7,8% en lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði um 9,8%.

Lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði sem njóta ekki bakábyrgðar launagreiðenda munu þurfa að bregðast við hækkun áfallinna skuldbindinga með því að skerða réttindi. Það er hægt að gera annað hvort með því að lækka krónutölu réttinda eða seinka töku lífeyris. Líklegast er að sjóðirnir leiti lausnar sem byggir á blöndu þessara leiða og að boðað verði til aukafunda í haust til að breyta samþykktum þeirra. Lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna munu þurfa að sækja aukið framlag til ábyrgðaraðila til þess að mæta hærri skuldbindingum.

Breytt ársreikningaskil

Á síðasta ári gaf Fjármálaeftirlitið út nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða sem fela í sér nokkrar veigamiklar breytingar. Við gerð ársreiknings fyrir árið 2016 verður öllum lífeyrissjóðum skylt að fara eftir nýju reglunum en flestir lífeyrissjóðir nýttu sér undanþágu vegna tiltekinna ákvæða í reglunum við gerð ársreiknings vegna ársins 2015. Reglurnar hafa í för með sér breytingar á uppsetningu ársreiknings og kveða á um aukið gagnsæi er varðar þóknanir til þeirra sem starfa í þágu sjóðanna.

Helsta breytingin lýtur að þeirri meginreglu að meta skal öll verðbréf á gangvirði. Lífeyrissjóðum verður þó heimilt að meta skuldabréf miðað við upphaflega kaupkröfu ef ætlunin er að halda þeim til gjalddaga. Gert er ráð fyrir að með innleiðingu reglnanna muni flökt í afkomu sjóðanna aukast. Reglurnar kveða á um sérstakt yfirlit um tryggingafræðilega athugun sem stendur nú sjálfstætt í ársreikningum lífeyrissjóða en það er breyting frá því sem áður var.

Nýju reglurnar um ársreikninga breyta þó ekki forsendum tryggingafræðilegrar athugunar, sem eru ákvarðaðar skv. reglugerð nr. 391/1998. Eftir sem áður verða skuldbindingar lífeyrissjóða og verðbréf með föstum tekjum metin með föstum 3,5% vöxtum í tryggingafræðilegri athugun.

2.6 Rekstrarfélög verðbréfasjóða, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir og fagfjárfestasjóðir

Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og reka sjóði um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og gerðar eru ríkar kröfur til skipulags þeirra, starfsemi og stjórnunar. Fagfjárfestasjóðir standa eingöngu fagfjárfestum til boða og eru samkvæmt gildandi löggjöf eingöngu tilkynningarskyldir til stofnunarinnar og lúta takmörkuðu eftirliti sem beinist aðallega að upplýsingagjöf. Þá eru engar hömlur settar á fjárfestingar þeirra, ólíkt verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum.


Rekstrarfélög verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins voru tíu talsins í lok árs 2015, sem er óbreyttur fjöldi frá fyrra ári. Meginstarfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða felst í að reka verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði en einnig fagfjárfestasjóði, þó það séu ekki eingöngu rekstrarfélög sem hafi heimild til reksturs á þeim.

Verðbréfasjóðum fækkaði um þrjá á árinu og voru starfræktir alls 50 verðbréfasjóðir og sjóðsdeildir á árinu. Fjárfestingarsjóðum fjölgaði um fimm á árinu og voru starfræktir alls 53 fjárfestingarsjóðir og sjóðsdeildir á árinu. Í lok árs 2015 námu heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða 460 milljörðum króna. Þar af námu eignir verðbréfasjóða um 195 milljörðum króna og eignir fjárfestingarsjóða um 265 milljörðum króna.

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða jukust um 94 milljarða króna á árinu sem er töluvert meiri hækkun en á síðustu árum. Aukninguna má rekja til fjárfestingarsjóðanna en eignir þeirra jukust um 100 milljarða króna eða 61%. Eignir verðbréfasjóðanna lækkuðu hins vegar um 6 milljarða eða um 3% og var það þriðja árið í röð sem eignir þeirra lækka eftir að hafa vaxið mikið á árunum 2008-2012.

Fagfjárfestasjóðum undir eftirliti fjölgaði um ellefu á árinu og voru starfræktir alls 85 fagfjárfestasjóðir í rekstri 13 aðila á árinu. Heildareignir þeirra námu 315 milljörðum króna en hrein eign var 155 milljarðar króna. Litlar breytingar urðu á eignum sjóðanna á milli ára, aukning í heildareignum nam sjö milljörðum króna en skuldsetning þeirra hefur yfirleitt verið í kringum 50% og hefur hún minnkað örlítið frá síðasta ári.

Mynd 1 Þróun eigna verðbréfa- fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða




Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóðir, þ.e. í einstökum útgefendum, eignaflokkum, hlutföllum í skráðum og óskráðum fjármálagerningum og þeir hafa jafnframt heimild til lántöku. Þeir eru því áhættusamari í eðli sínu en verðbréfasjóðir.

Eignasamsetning verðbréfasjóða er mjög frábrugðin eignasamsetningu fjárfestingarsjóða en rúm 90% af eignum verðbréfasjóðanna eru bundnar í bréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkis og annarra stofnanna og í innlánnum og reiðufé. Eignir fjárfestingarsjóða eru hins vegar töluvert dreifðari. Tæp 40% eru í hlutabréfum, rúm 30% í innlánnum og reiðufé, um 15% í öðrum sjóðum en eingöngu um 8% í bréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkis og annarra stofnanna.

Eignir fagfjárfestasjóða eru einkum í hlutabréfum, fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og lánasamningum.

Mynd 2 Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða m.v. árslok 2015



Jón Þór Sturluson

aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins og trompetleikari

„Ég byrjaði að læra á trompet veturinn sem ég flutti til Stykkishólms, þá 10 ára gamall. Í Stykkishólmi hefur lengi verið sterk lúðrasveit, sérstaklega á mínum uppvaxtarárum, undir stjórn Daða Þórs Einarssonar. Ég hætti í sveitinni á menntaskólaárunum, þegar ég flutti til Reykjavíkur, en tók upp þráðinn löngu síðar með hljómsveitinni Royal, sem fæddist við Háskólann í Reykjavík.“



3. Annáll ársins

3 Annáll ársins

3.1 Helstu atburðir frá maí 2015 til aprílloka 2016

Fjármálaeftirlitið gefur út umræðuskjal með drögum að reglum um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða

Um miðjan maímánuð 2015 gaf Fjármálaeftirlitið út umræðuskjal sem innihélt drög að reglum um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Fjármálaeftirlitið birtir ársreikninga og upplýsingar um afkomu váttryggingagreina hjá íslenskum váttryggingafélögum

Fjármálaeftirlitið birti ársreikninga og upplýsingar um afkomu váttryggingagreina í lok maí 2015. Að venju voru þar birtir rekstrar- og efnahagsreikningar ásamt sjóðstreymi. Í þeim tilvikum sem váttryggingafélag var hluti af samstæðu voru birtir móðurfélagsreikningar.

Fyrirhugaður samruni Afls sparisjóðs ses. við Arion banka hf.

Í upphafi júní 2015 sagði Fjármálaeftirlitið frá því á vef sínum að Samkeppniseftirlitið hefði birt ákvörðun þar sem fram kom að vegna fjárhagsstöðu Afls sparisjóðs hefðu forsendur brostið fyrir frekari sölumeðferð á eignarhlut Arion banka í sparisjóðnum.

Tímabundin stöðvun viðskipta

Hinn 8. júní 2015 sagði Fjármálaeftirlitið frá ákvörðun sinni um að stöðva tímabundið viðskipti með tiltekna fjármálagerninga sem teknir hefðu verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Ákvörðunin var tekin til að vernda jafnræði fjárfesta. Viðskipti voru heimiluð á ný í kjölfar blaðamannafundar forsætisráðherra og fjármálaráðherra þar sem kynnt hafði verið áætlun um afnám fjármagnshafta.

Kröfu í máli gegn Fjármálaeftirlitinu hafnað í héraðsdómi

Hinn 11. júní 2015 var sagt frá niðurstöðu héraðsdóms í máli Icelandair Group gegn Fjármálaeftirlitinu vegna ákvörðunar stofnunarinnar frá því í mars 2014 um að sekta Icelandair Group hf. (Icelandair) vegna brota gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Kröfum stefnanda var hafnað og ákvörðunin stóð því óbreytt.

Samruni Straums fjárfestingabanka hf. og MP banka hf.

Fjármálaeftirlitið samþykkti þann 22. júní 2015 samruna Straums fjárfestingabanka hf. við MP banka hf. á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fern leiðbeinandi tilmæli gefin út í júní

Fjármálaeftirlitið gaf út fern leiðbeinandi tilmæli í júní 2015. Tilmælin eru þessi:

- Leiðbeinandi tilmæli um bestu framkvæmd við gerð og form álagsprófa fjármálafyrirtækja
- Leiðbeinandi tilmæli um lykilupplýsingar verðbréfa- og fjárfestingarsjóða
- Leiðbeinandi tilmæli um samskipti Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda eftirlitsskyldra aðila sem jafnframt eru einingar tengdar almannahagsmunum
- Leiðbeinandi tilmæli um stjórnarhætti váttryggingafélaga

Fjármálaeftirlitið veitir Fossum mörkuðum hf. aukið starfsleyfi

Fjármálaeftirlitið sagði frá því hinn 25. júní 2015 að Fossum mörkuðum hf. hefði verið veitt aukið starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki hinn 23. júní sl. á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Heildarniðurstöður ársreikninga fjármálafyrirtækja o.fl. 2014

Fjármálaeftirlitið sagði frá því hinn 30. júní 2015 að tekin hefði verið saman skýrsla með heildarniðurstöðu ársreikninga ársins 2014 hjá fjármálafyrirtækjum, þ.e. viðskiptabönkum, sparisjóðum, lánaþingum (einu nafni lánastofnanir), verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlunum og rekstrarfélögum verðbréfasjóða, ásamt upplýsingum um heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í rekstri einstakra rekstrarfélaga og heildareignir fagfjárfestasjóða í rekstri rekstrarfélaga og annarra rekstraraðila. Jafnframt voru í skýrslunni nánar tiltekna upplýsingar um greiðslustofnanir og innlánsdeildir samvinnufélaga.

Fjármálaeftirlitið metur Íslensk verðbréf hf. hæf til að fara með virkan eignarhlut í Straumi sjóðum hf.

Fjármálaeftirlitið komst þann 16. júlí 2015 að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Straumi sjóðum hf. sem næmi 100%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið fjallar um stöðu lífeyrissjóðanna 2014

Fjármálaeftirlitið birti hinn 16. júlí 2015 heildarniðurstöður ársreikninga íslenskra lífeyrissjóða fyrir árið 2014. Talnaefnið var unnið upp úr þeim gögnum sem borist höfðu frá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum lífeyrissparnaðar.

Nýmæli á verðbréfamarkaði

Fjármálaeftirlitið (FME) bauð til opins morgunverðarfundar föstudaginn 21. ágúst 2015 undir yfirskriftinni: Nýmæli á verðbréfamarkaði. Þar kynnti meðal annars Steven Maijor, stjórnarformaður Evrópska verðbréfa- og markaðseftirlitsins (ESMA), helstu áherslur þess árið 2015. Ennfremur kynnti sérfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu EMIR reglugerðina og áhrif hennar á Ísland.

Kynning fyrir fyrirtæki á lánamarkaði sem skila FINREP á samstæðugrunni

Þann 25. ágúst 2015 var haldin kynning hjá Fjármálaeftirlitinu fyrir eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki sem gera upp á samstæðugrunni. Kynntar voru breytingar í gagnasöfnun Fjármálaeftirlitsins vegna innleiðingar evrópsks tæknistaðals og nýrrar útgáfu af FINREP gagnapakkanum.

Samruni Sparisjóðs Norðurlands ses. við Landsbankann hf.

Fjármálaeftirlitið samþykkti þann 4. september 2015 samruna Sparisjóðs Norðurlands ses. við Landsbankann hf. á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í frétt um málið sagði jafnframt að Landsbankinn tæki við öllum réttindum og skyldum Sparisjóðs Norðurlands og yrðu félögin sameinuð undir nafni Landsbankans.

Fjármálaeftirlitið veitir GAM Management hf. aukið starfsleyfi

Fjármálaeftirlitið veitti GAM Management hf. aukið starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða hinn 3. september 2015 á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

EIOPA gefur út annan hluta tæknistaðla og viðmiðunarreglna í tengslum við Solvency II

Í frétt sem birtist 24. september 2015 á vef Fjármálaeftirlitsins var sagt frá því að Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitið (EIOPA) hefði gefið út annan hluta tæknistaðla og viðmiðunarreglna í tengslum við Solvency II.

Fjármálaeftirlitið veitir T-9 ehf. innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum

Fjármálaeftirlitið veitti T-9 ehf. þann 23. september 2015 innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008.

Fjármálaeftirlitið setur sér stefnu um beitingu þvingunarúrræða og viðurlaga - Nýlegar breytingar á stjórnvaldssektarheimildum eftirlitsins

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum í byrjun október 2015 að það hefði sett sér stefnu um beitingu þvingunar- og viðurlagaúrræða. Samkvæmt stefnunni hyggst Fjármálaeftirlitið bregðast, af festu og á markvissan hátt, við brotum á lögum og reglum, þar með talið um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti og brotum gegn ákvörðunum eftirlitsins. Það verður gert með beitingu þvingunarúrræða, viðurlaga og eftir atvikum með því að endurmeta hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið veitir Premium ehf. innheimtuleyfi

Fjármálaeftirlitið veitti Premium ehf. þann 24. ágúst 2015 innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008.

Fjármálaeftirlitið hefur lokið könnunar- og matsferli hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 19. október 2015 að lokið væri könnunar- og matsferli hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. Í tilkynningunni stóð: „Fjármálafyrirtæki ber að hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu. Stjórn og framkvæmdastjóri fyrirtækisins skulu reglulega leggja mat á eiginfjárbörf þess með hliðsjón af þeim áhættum sem felast í starfseminni, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglur nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja. Matið fer fram í svonefndu innramatsferli (e. Internal Capital Adequacy Assessment Process, ICAAP) og skal fjármálafyrirtæki gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir matinu þegar eftir því er óskað í svonefndri ICAAP-skýrslu.“

Samruni AFL-sparisjóðs ses. og Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið samþykkti hinn 15. október 2015 samruna AFL-sparisjóðs ses. og Arion banka hf. á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Arion banki hf. tekur við öllum réttindum og skyldum AFL-sparisjóðs ses. og verða félögin sameinuð undir nafni Arion banka hf.

Umræðuskjal um drög að reglum um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárauka

Fjármálaeftirlitið gaf hinn 15. október 2015 út Umræðuskjal nr. 5/2015 um drög að reglum um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárauka.

Vegna athugasemda Viðskiptaráðs um drög að frumvarpi til laga um váttryggingastarfsemi

Fjármálaeftirlitið vísaði í frétt 22. október 2015 til umsagnar Viðskiptaráðs Íslands um drög til nýrra laga um váttryggingastarfsemi sem byggja á svokallaðri Solvency II tilskipun (nr. 2009/138/EB) og fjölmiðlaumfjöllunar í kjölfarið um þá umsögn. Þar sagði að nokkrar rangfærslur hefðu komið fram í umsögn Viðskiptaráðs sem Fjármálaeftirlitið teldi sig knúið til að leiðrétta.

Fjármálaeftirlitið metur Arctica Eignarhaldsfélag ehf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í H.F. Verðbréfum hf.

Hinn 2. nóvember 2015 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Arctica Eignarhaldsfélag ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í H.F. Verðbréfum hf., sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið veitir Fossum mörkuðum hf. aukið starfsleyfi

Fjármálaeftirlitið veitti Fossum mörkuðum hf. aukið starfsleyfi hinn 17. nóvember 2015 á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Gagnaskil til Fjármálaeftirlitsins í tengslum við innleiðingu CRD IV

Fjármálaeftirlitið gaf 24. nóvember 2015 út á vef sínum áætlun um gagnaskil og skiladagsetningar sem tengjast innleiðingu á CRD IV.

Fundaröð vegna innleiðingar Solvency II tilskipunarinnar

Fjármálaeftirlitið sagði hinn 1. desember 2015 frá fyrirhugaðri fundaröð stofnunarinnar vegna innleiðingar Solvency II tilskipunarinnar á váttryggingamarkaði. Þar sagði að fundirnir væru einkum ætlaðir fulltrúum váttryggingafélaganna, ytri og innri endurskoðendum þeirra og öðrum sem áhuga kynnu að hafa.

Morgunverðarfundur um netöryggi

Fjármálaeftirlitið bauð til morgunverðarfundar um netöryggi fjármálafyrirtækja hinn 3. desember 2015. Á fundinum hélt Fredrik Hult, aðalráðgjafi hjá öryggisfyrirtækinu Cyber Resilience Ltd., fyrirlestur sem bar yfirskriftina: From Bytes to Boardroom, a journey to cyber resilience. Fyrirlestur Hults var einkum ætlaður stjórnendum fjármálafyrirtækja og þeim sem vinna að upplýsingatækni og öryggismálum innan þeirra.

Reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða

Fjármálaeftirlitið sagði í byrjun desember 2015 frá útgáfu á reglum um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Þar sagði að reglurnar kæmu fyrst til framkvæmda á næsta ári við gerð árshlutauppgjors miðað við 30. júní 2016. Ársreikningar fyrir reikningsskilaárið 2016 yrðu unnir í samræmi við reglurnar.

Dreifibréf um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 43. gr. laga nr. 128/2011

Fjármálaeftirlitið sendi þann 4. desember 2015 dreifibréf til rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Í dreifibréfinu voru áréttaðar þær reglur sem gilda um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins fari fjárfesting verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs fram úr leyfilegum mörkum sbr. 43. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Hæstaréttur staðfestir ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um synjun um aðgang að gögnum

Hinn 17. desember 2015 kvað Hæstiréttur upp dóm í máli nr. 263/2015. Þar var tekist á um rétt almennings til aðgangs að gögnum og upplýsingum í vörslu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012 og takmarkanir á þeim rétti vegna ákvæða um þagnarskyldu í 13. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Dómurinn staðfesti ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um synjun um aðgang að gögnum og komst að þeirri niðurstöðu, með því að gagnálykta frá síðari málslið 3. mgr. 4. gr. upplýsingalaga, að bæði 13. gr. laga nr. 87/1998 og 58. gr. laga nr. 161/2002 teldust sérstök þagnarskylduákvæði sem ganga framar upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum.

Kynningarfundur vegna gagnaskila sem tengjast CRD IV löggjöfinni

Þann 17. desember 2015 hélt Fjármálaeftirlitið kynningarfund fyrir fjármálafyrirtæki vegna áætlunar varðandi CRD IV gagnaskil fyrir árið 2016.

Dreifibréf til váttryggingafélaganna vegna endurgjafar á ORSA ferli þeirra

Fjármálaeftirlitið sendi, þann 22. desember 2015, dreifibréf til váttryggingafélaga þar sem teknar voru saman þær ábendingar sem komu almennt fram í endurgjöf til félaganna vegna eigin áhættu- og gjaldþolsmats þeirra (e. ORSA). Eigið áhættu- og gjaldþolsmat felst í því að váttryggingafélag leggi mat á eigin áhættu, hvernig eigi að bregðast við þeim og hvaða áhrif einstaka atburðir geta haft á gjaldþol félagsins. Var því beint til félaganna að taka ábendingarnar til athugunar við næsta eigið áhættu- og gjaldþolsmat, eftir því sem við ætti.

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja um framsetningu birtingar og afhendingu lykilupplýsinga til fjárfesta í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum

Fjármálaeftirlitið sendi hinn 23. desember 2015 dreifibréf til fjármálafyrirtækja um framsetningu birtingar og afhendingu lykilupplýsinga til fjárfesta í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Með dreifibréfinu vildi Fjármálaeftirlitið undirstrika mikilvægi lykilupplýsinga sem samanburðarskjals fyrir fjárfesta við ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum.

Solvency II hefur tekið gildi

Tilkynnt var á vef Fjármálaeftirlitsins í ársbyrjun 2016 að Evrópska váttrygginga- og lífeyriseftirlitið (EIOPA) hefði birt fréttatilkynningu á vef sínum þar sem sagt væri frá því að Solvency II, nýtt regluverk á váttryggingamarkaði, hefði tekið gildi.

Fjármálaeftirlitið hefur metið BLM Investment ehf. og tengda aðila hæfa til að fara með virkan eignarhlut í Lýsingu hf.

Hinn 30. desember 2015 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að BLM Investment ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut með óbeinni hlutdeild í Lýsingu hf. sem næmi allt að 33%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) í gegnum eignarhald sitt í móðurfélagi Lýsingar hf, Klakka ehf. Auk þess komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að móðurfélag BLM Investment ehf., Burlington Loan Management Ltd. sem átti fyrir 13,2% hlut í Klakka ehf., auk tengdra aðila, Deutsche International Finance (Ireland) Limited og Davidson Kempner Capital Management LP, væri hæft til að fara með allt að 50% virkan eignarhlut með óbeinni hlutdeild í Lýsingu hf.

Sænes ehf. og Grýtubakkahreppur hæfir til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Sparisjóði Höfðhverfinga

Hinn 8. janúar 2016 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Sænes ehf. væri hæft til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Sparisjóði Höfðhverfinga sem næmi allt að 33%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Dreifibréf um ráðstafanir til úrbóta á grundvelli 43. gr. laga nr. 128/2011

Fjármálaeftirlitið sendi hinn 11. janúar 2016 dreifibréf til rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Í dreifibréfinu, sem sent var í framhaldi af dreifibréfi Fjármálaeftirlitsins hinn 4. desember 2015, voru nánari skýringar veittar varðandi þær reglur sem gilda um ráðstafanir til úrbóta fari fjárfesting verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs fram úr leyfilegum mörkum sbr. 43. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Fjármálaeftirlitið metur YNWA ehf. og Arnór Gunnarsson hæfa til að fara með virkan eignarhlut í Öldu sjóðum hf.

Hinn 18. janúar komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að YNWA ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Öldu sjóðum hf. sem næmi 20%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Reglur um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárauka

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 19. janúar 2016 að settar hefðu verið reglur um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárauka, sbr. 7. mgr. 84. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar fjalla um það hvernig útgreiðslur fjármálafyrirtækja, s.s. arðgreiðslur eða kaupaukar, takmarkast ef fjármálafyrirtæki heldur ekki nægu eigin fé vegna eiginfjárauka.

Umfjöllun um BRRD á vef Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið birti hinn 19. janúar 2016 umfjöllun um tilskipun 2014/59/ESB um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja (e. Bank Recovery and Resolution Directive) á vef sínum. Tilskipunin, sem oftast er nefnd BRRD, tók gildi innan Evrópusambandsins þann 1. janúar 2015.

Niðurstaða athugunar á notkun PC Crash skýrslna hjá váttryggingafélögum

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt á vef sínum 20. janúar 2016 frá athugun á notkun váttryggingafélaga á svonefndum PC Crash skýrslum í skaðabótamálum. Var það gert á grundvelli 1. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í þessu skyni hafði Fjármálaeftirlitið óskað eftir upplýsingum og viðeigandi gögnum frá váttryggingafélögum um notkun PC Crash skýrslna ásamt almennum sjónarmiðum váttryggingafélaganna og afstöðu til notkunar skýrslanna.

Tilmæli fjármálastöðugleikaráðs um beitingu eiginfjárauka

Fyrsti fundur fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2016 var haldinn 22. janúar 2016. Birt voru á vef Fjármálaeftirlitsins tilmæli sem ráðið beindi til eftirlitsins.

Deloitte og Fjármálaeftirlitið gera samning um fræðslu og þjálfun

Deloitte og Fjármálaeftirlitið undirrituðu hinn 25. janúar 2015 samning til eins árs um að Deloitte veiti Fjármálaeftirlitinu fræðslu og þjálfun auk sérfræðiþjónustu, við að innleiða aðferðafræði, ferla og eftirlitsaðgerðir í tengslum við virðisrýrnun útlána á grundvelli IFRS staðalsins.

Fjármálaeftirlitið hefur metið Ríkissjóð Íslands hæfan til að fara með virkan eignarhlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Hinn 2. febrúar 2016 var sagt frá því á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að það hefði komist að þeirri niðurstöðu að Ríkissjóði Íslands væri heimilt að eiga virkan eignarhlut sem næmi 20% í Sjóvá-Almennum tryggingum hf., sbr. VI. kafla laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, í gegnum eignarhald sitt í SAT eignarhaldsfélagi hf. Seðlabanki Íslands eða félag í eigu hans fer með eignarhlut Ríkissjóðs í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

EIOPA gefur út umræðuskjal um verklag varðandi persónulegan lífeyrissparnað

Hinn 3. febrúar 2016 var bent á að Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) hefði í fréttatilkynningu á heimasíðu sinni vakið athygli á nýju umræðuskjali með tillögum stofnunarinnar um þróun innri markaðar innan Evrópusambandsins fyrir verklag varðandi persónulegan lífeyrissparnað (sem einnig er þekktur sem „Pillar III“ lífeyrissparnaður og er sambærilegur séreignarsjóðum hér á landi).

Fjármálaeftirlitið metur Ríkissjóð Íslands hæfan til að eiga virkan eignarhlut í Íslandsbanka hf. og fjármálafyrirtækjum í hans eigu

Hinn 3. febrúar 2016 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Ríkissjóði Íslands væri heimilt að eiga 100% virkan eignarhlut í Íslandsbanka hf., sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í fréttinni sagði: „Ríkissjóður Íslands mun eignast 95% eignarhlut í bankanum í gegnum fyrirhugað eignarhald sitt á ISB Holding ehf. Áður átti Ríkissjóður Íslands 5% hlut í bankanum. Bankasýsla ríkisins mun fara með eignarhlutinn fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands skv. lögum nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins.“

EIOPA sendir frá sér umræðuskjal um samskipti ytri endurskoðenda og eftirlitsaðila

Hinn 5. febrúar 2016 var sagt frá því á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) hefði birt fréttatilkynningu á vef sínum þar sem stofnunin kynnti nýtt umræðuskjal um vinnureglur varðandi hvernig greiða megi fyrir árangursríkum samskiptum milli eftirlitsaðila á sviði váttrygginga og ytri endurskoðenda.

Ríkissjóði Íslands heimilt að eiga 20% virkan eignarhlut með óbeinni hlutdeild í Lýsingu hf.

Hinn 9. febrúar 2016 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Ríkissjóði Íslands væri heimilt að eiga 20% virkan eignarhlut með óbeinni hlutdeild í Lýsingu hf., sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, í gegnum fyrirhugað eignarhald sitt á 17,58% hlut í Klakka ehf. Í fréttinni sagði: „Seðlabanki Íslands eða félag í hans eigu mun fara með framangreindan eignarhlut Ríkissjóðs Íslands.“

Fjármálaeftirlitið gefur út tvö umræðuskjöl

Hinn 26. febrúar 2016 sagði frá því á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að það hefði gefið út umræðuskjal nr. 1/2016 um drög að leiðbeinandi tilmælum um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja og umræðuskjal nr. 2/2016 um viðmið og aðferðafræði vegna SREP.

Fjármálaeftirlitið varar við misnotkun debetkortaupplýsinga

Á hlaupársdag 2016 sagði á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að því hefði borist ábending um að tilraun hafi verið gerð til að fá viðskiptavinum íslenskra fjármálafyrirtækja til að gefa upp tékkaábyrgðarnúmer debetskorts síns í síma. Líklegt væri að það hefði verið gert í sviksamlegum tilgangi. Upplýsingar um tékkaábyrgðarnúmer væri meðal annars unnt að nota þegar greitt væri á netinu eða með öðrum rafrænum hætti.

Fjármálaeftirlitið leiðréttir missagnir

Hinn 7. mars 2016 birti Fjármálaeftirlitið samantekt þar sem missagnir Félags íslenskra bifreiðaeigenda í tengslum við áformaðar arðgreiðslur tryggingafélaganna voru leiðréttar.

Fjármálaeftirlitið samþykkir samruna H.F. Verðbréfa hf. við Arctica Finance hf.

Fjármálaeftirlitið samþykkti þann 14. mars 2016 samruna H.F. Verðbréfa hf. við Arctica Finance hf. á grundvelli 1. mgr. 106. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Til glöggvunar varðandi váttryggingafélög og svokallaða „bótasjóði“

Fjármálaeftirlitið birti hinn 15. mars 2016 samantekt á vef sínum varðandi váttryggingafélög og svokallaða „bótasjóði“. Var það gert til að leiðrétta margs konar misskilning sem fram hafði komið í umræðunni í tengslum við væntanlegar arðgreiðslur tryggingafélaganna.

Breytingar á neytendasímaþjónustu Fjármálaeftirlitsins

Hinn 15. mars 2016 var sagt frá því á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að fyrirkomulagi neytendasímaþjónustu Fjármálaeftirlitsins hefði verið breytt með því að endurvinna upplýsingaefni til neytenda á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins og setja það fram á aðgengilegri hátt en áður. Þar væri nú að finna ítarlegar og skýrar upplýsingar um það ferli sem neytendur gætu farið eftir til þess að fá úrlausn mála sinna. Í breytingunum fælist einnig að ekki væri lengur neinn ákveðinn auglýstur símatími neytendasímaþjónustunnar. Neytendur gætu þó hringt í Fjármálaeftirlitið ef leiðbeiningar á heimasíðu um úrlausnarferli væru þeim óljósar. Bent var á að eftir sem áður mun Fjármálaeftirlitið þó ekki skera úr ágreiningsmálum eða svara lögfræðilegum spurningum um heimildir einstakra eftirlitsskyldra aðila í tilteknum tilvikum.

Athugasemd við skrif Skjóðunnar

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við skrif Skjóðunnar Fréttablaðinu 16. mars 2016 um eftirlit með váttryggingafélögum. Þar væru upplýsingar settar fram á misvísandi hátt með það markmið að kasta rýrð á störf Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið veitir Íslenskum fjárfestum hf. aukið starfsleyfi

Fjármálaeftirlitið veitti hinn 1. apríl 2016 Íslenskum fjárfestum hf., kt. 451294-2029, aukið starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Yfirlýsing Fjármálaeftirlitsins og Nasdaq Iceland um samstarf undirrituð

Hinn 18. apríl birti Fjármálaeftirlitið frétt um að Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins og Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq Iceland hf. (Kauphöllin) hefðu undirritað nýja yfirlýsingu Fjármálaeftirlitsins og Kauphallarinnar um samstarf við framkvæmd eftirlitsverkefna og upplýsingamiðlun.

Fjármálaeftirlitið gefur út leiðbeinandi tilmæli um innri stjórnarhætti

Hinn 25. apríl var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að stofnunin hefði gefið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2016 um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja. Tilmælunum væri ætlað að samræma viðmið og vinnubrögð fjármálafyrirtækja með tilliti til stjórnarháttanna.

Fjármálaeftirlitið hvetur aðila til að yfirfara hagsmunaskráningu stjórnenda og starfsmanna

Hinn 29. apríl var frétt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins um að stofnunin hefði sent fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum og váttryggingafélögum dreifibréf þar sem hvatt var til að þessir aðilar yfirfæru hagsmunaskráningu stjórnenda og starfsmanna sinna með hliðsjón af lögum sem nánar væru tiltekin í dreifibréfunum.

3.2 Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2015 til aprílloka 2016

- 8. maí 2015:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum Landsbankans hf. til lögaðila
- 8. maí 2015:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum Íslandsbanka hf. til lögaðila
- 8. maí 2015:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum MP banka hf. til lögaðila
- 21. maí 2015:** Niðurstaða athugunar á viðskiptaháttum Tryggingamiðstöðvarinnar hf.
- 22. maí 2015:** Samkomulag um sátt vegna brots ALM Verðbréfa hf. á 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
- 11. júní 2015:** Samkomulag um sátt vegna brots X á 3. gr. innheimtulaga nr. 95/2008
- 16. júní 2015:** Niðurstaða athugunar á upplýsingagjöf Lýsingar hf. gagnvart viðskiptamönnum
- 24. júní 2015:** Niðurstaða athugunar á stjórnarháttum Lífeyrissjóðs verslunarmanna
- 13. ágúst 2015:** Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Virðingu hf.
- 14. ágúst 2015:** Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Íslenskum verðbréfum hf.
- 17. ágúst 2015:** Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Landsbankanum hf.
- 27. ágúst 2015:** Niðurstöður athugunar á virðismati útlána Íslandsbanka hf.
- 9. sep. 2015:** Niðurstöður athugunar á tilteknum þáttum í aðgerðum Kortabjónustunnar hf. gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- 9. sep. 2015:** Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá H.F. Verðbréfum hf.
- 25. sep. 2015:** Niðurstaða athugunar á nýjum útlánnum hjá Arion banka hf.
- 1. október 2015:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum Lífeyrissjóðs bænda
- 2. október 2015:** Niðurstaða athugunar á upplýsingagjöf Tryggja ehf. til viðskiptavina félagsins
- 9. október 2015:** Niðurstaða athugunar um ákvörðun iðgjalda eigna- og ábyrgðartrygginga
- 25. nóvember 2015:** Niðurstaða athugunar á innra eftirlitskerfi Landsbankans í tengslum við stórar áhættuskuldbindingar
- 4. desember 2015:** Stjórnvaldssekt vegna brots Arion banka hf. gegn 1. tölulið 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 8. desember 2015:** Niðurstöður athugunar á veð- og tryggingakerfi Landsbankans hf.
- 8. desember 2015:** Niðurstöður athugunar á veð- og tryggingakerfi Íslandsbanka hf.
- 9. desember 2015:** Niðurstaða athugunar á umfangi veittra ívilnana hjá Landsbankanum hf.
- 8. janúar 2016:** Niðurstöður athugunar á veð- og tryggingakerfi Arion banka hf.
- 11. janúar 2016:** Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Arion banka hf.
- 12. janúar 2016:** Niðurstaða athugunar á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Arion banka hf.
- 15. janúar 2016:** Niðurstaða athugunar á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Landsbankanum hf.
- 18. janúar 2016:** Niðurstaða athugunar á sölu Arion banka hf. á hlutabréfum í Símanum hf.
- 18. janúar 2016:** Stjórnvaldssekt vegna brots X ehf. gegn 2. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga
- 4. febrúar 2016:** Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Íslandsbanka hf.
- 10. febrúar 2016:** Niðurstaða athugunar á útlánnum Sparisjóðs Suður- Þingeyinga ses.
- 15. febrúar 2016:** Niðurstaða athugunar á umfangi veittra ívilnana hjá Arion banka hf.
- 16. febrúar 2016:** Niðurstaða athugunar á eftirliti með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Íslandsbanka hf.
- 24. febrúar 2016:** Stjórnvaldssekt vegna brots Kópavogsbæjar gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 26. febrúar 2016:** Stjórnvaldssekt vegna brots Almenna lífeyrissjóðsins gegn 1. tölulið 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 1. mars 2016:** Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um álagningu eiginfjárauka
- 7. mars 2016:** Niðurstaða athugunar á umfangi veittra ívilnana hjá Íslandsbanka hf.

- 18.mars 2016:** Samkomulag um sátt vegna brots BankNordik á 126. og. 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 21.mars 2016:** Niðurstaða athugunar á eignarhaldi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. í Hótel Laxá ehf. og tengdum félögum
- 22.mars 2016:** Samkomulag um sátt vegna brots Ríkisútvarpsins ohf. á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 31.mars 2016:** Niðurstaða athugunar á viðskiptaháttum Landsbankans hf. vegna sölu á hlut hans í Borgun hf.
- 28. apríl 2016:** Niðurstaða athugunar á útlánum Sparisjóðs Höfðhverfinga ses.

3.3 Yfirlit yfir tölublöð Fjármála og greinar frá 1. maí 2015 til aprílloka 2016

Fjármál 2. tbl. 4. árgangur ágúst 2015

Verðskrár viðskiptabankanna og áhrif þeirra á verðvitund neytenda
Práinn Halldór Halldórsson, sérfræðingur á eftirlitssviði

EMIR og miðlæg stöðustofnun OTC-afleiðna
Hörður Tulinius, sérfræðingur á vettvangs- og verðbréfaeftirlitssviði

Fjármál 3. tbl. 4. árgangur nóvember 2015

Áhrif nýrra líftaflna á skuldbindingar lífeyrissjóða
Jón Ævar Pálmason, sérfræðingur í áhættugreiningu

Nýlegar breytingar á stjórnvaldssektarheimildum Fjármálaeftirlitsins
Hildur Jana Júlíusdóttir, lögfræðingur á sviði yfirlögfræðings

Breytingar framundan á löggjöf um váttryggingamarkað
Sigurður Freyr Jónatansson, forstöðumaður á greiningasviði

Samskipti Fjármálaeftirlitsins við ytri endurskoðendur eftirlitsskyldra aðila sem jafnframt eru
einingar tengdar almannahagsmunum
Ragnheiður Morgan, lögfræðingur á eftirlitssviði

Basel II og eiginfjárbörf banka á Íslandi
Guðmundur Örn Jónsson, sérfræðingur í áhættugreiningu

Fjármál 1. tbl. 5. árgangur mars 2016

Aðskilnaður starfssviða
Ása Magnúsdóttir, sérfræðingur í vettvangsathugunum og Inga Dröfn Benediksdóttir, lögfræðingur
í verðbréfamarkaðseftirliti

Langtíma fjárfestingar í innviðum
Björn Z. Ásgrímsson, sérfræðingur á greiningasviði

Alþjóðlegt samstarf Fjármálaeftirlitsins
Ólöf Aðalsteinsdóttir, alþjóðafulltrúi

Þjóðhagsvarúðartæki til að draga úr óhóflegri þenslu á fasteignamarkaði
Einar Jón Erlingsson, sérfræðingur í áhættugreiningu

Saga sem má draga mikinn lærdóm af
Andri Már Gunnarsson, sérfræðingur í markaðsgreiningu fjallar um kvikmyndina The Big Short

A woman with short brown hair, wearing a grey and white patterned sweater, is smiling and petting a black horse. They are standing in a stable aisle with green wooden stall doors on the left and a metal fence on the right. The background shows a bright, overcast sky and some trees in the distance.

Ása Magnúsdóttir
sérfræðingur í vettvangsathugunum
og hestakona

„Ég fékk minn fyrsta hest fyrir tuttugu árum og hef stundað hestamenskuna stíft síðan. Krakkarnir mínir hafa alist upp við það að hafa hestana í kringum sig. Yngri börnin voru eitthvað að keppa á tímabili og fóru til dæmis á landsmót þannig að þetta hefur reynst hið besta fjölskyldusport. Ég fer á hverju ári með vinkonum mínum í fimm daga hestaferð um landið og hef gert árum saman.“

4. Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

4. Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	Skýr.	31.12.2012	31.12.2013	31.12.2014	31.12.2015
<i>Starfsleyfisskyldir eða starfa skv. sérlögum:</i>					
Viðskiptabankar		4	4	4	4
Sparisjóðir		9	8	7	4
Lánafyrirtæki		6	6	6	5
Íbúðalánasjóður		1	1	1	1
Innlánsdeildir samvinnufélaga		1	1	1	1
Verðbréfafyrirtæki		11	10	9	10
Verðbréfamiðlanir		2	2	2	1
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	1)	10	9	10	10
Fagfjárfestastjóðir - lögaðilar		4	7	9	14
Kauphallir		1	1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar		1	1	1	1
Lífeyrissjóðir	2)	32	27	26	26
Vátryggingafélög		13	13	12	12
Vátryggingamiðlanir		11	11	9	9
Aðilar með innheimtuleyfi		4	5	6	8
Greiðslustofnanir		1	1	1	1
Gjaldeyrisskiptistöðvar				1	1
Tryggingarsjóðir		2	2	2	2
<i>Samtals</i>		<i>113</i>	<i>109</i>	<i>108</i>	<i>111</i>
<i>Aðrir aðilar háðir eftirliti:</i>					
Verðbréfasjóðir (ekki lögaðilar)	3)	56	57	53	50
Fjárfestingarsjóðir (ekki lögaðilar)	3)	28	44	48	54
Fagfjárfestastjóðir (ekki lögaðilar)	3)	43	63	65	71
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar	4)	15	14	13	8
Útgefendur skráðra hlutabréfa		15	18	17	20
Útgefendur skráðra skuldabréfa		49	57	60	60
Umboðsaðili erlendar greiðslustofnunar		1	1	1	1
Eignarhaldsfélög	5)	12	12	10	11
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð		14	15	11	2
Alls		346	390	386	388

1) Sjá ennfremur fjölda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og fagfjárfestastjóða neðar í töflunni.

2) Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Að meðtöldum deildunum yrði fjöldatalan yfir lífeyrissjóðina u.þ.b. 50 hærri fyrir hvert ár sem taflan sýnir.

3) Sjóðir sem ekki eru lögaðilar en starfræktir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjá fjölda rekstrarfélaga ofar í töflunni. Nokkrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir eru deildaskiptir og endurspeglast fjöldi deilda í tölunum í töflunni.

4) Viðskiptabankar, sparisjóðir og tveir erlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar. Allir einnig taldir í fjöldatölum ofar í töflunni nema erlendu vörsluaðilarnir.

5) Eignarhaldsfélög á fjármálasviði og vátryggingasviði og blönduð eingarhaldsfélög, skv. nánari skilgr. í l. nr. 161/2002 og l. nr. 56/2010. Um er að ræða virka hluthafa sem eiga meira en 50% í eftirlitsskyldum aðilum. Virkir hluthafar sem eiga á bilinu 10 - 50% eru ekki tilgreindir í töflunni.

4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda aðila/félaga sem hafa heimild til að veita þjónustu hér á landi á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu:

	30/6/11	30/6/12	31/12/13	31/12/14	31/12/2015
Erlendir bankar (credit and financial institutions) án starfsstöðvar	222	224	239	254	263
Erlendar greiðslustofnanir án starfsstöðvar				193	266
Erlend rafeyrisfyrirtæki án starfsstöðvar				38	49
Verðbréfasjóðir (UCITS) (fjöldi deilda í sviga)	47 (367)	53 (352)	56 (370)	65 (410)	70 (518)
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	2.113	2.020	2.148	2.280	2461
Vátryggingafélög með starfsstöð	2	2	2	2	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	405	377	381	352	389
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	5.158	4.990	5.030	5.223	5055



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND